



SKOÐUN Mannúðlegri viðbrögð við fíknivandamálum. Lækningar fremur en refsingar, skrifar Guðmundur Andri. **13**



MENNING Danshópurinn Flying Steps sýnir breikdans í Eldborgarsal Hörpu í júní. **30**



SPORT Hermann Hreiðarsson er þegar búinn að endurskrifa þjálfarasöguna í Eyjum. **26**

SPJALDTÖLVUR FYRIR SUMARIÐ

3G ASUS FONEPAD **59.990** tl.is **TÖLVU LISTINN**

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
13. maí 2013
111. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Könnuðu öryggi

Bandarískir leiðsögumenn könnuðu um helgina öryggi og aðstæður til uppbyggingar skíðaferðabjónustu í Fljótum. Fluguveiðimönnum yrði sinnt á sumrin en skíðafólki á veturna. **6**

Sér til lands Formenn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hafa fundað stíft síðustu daga. Að sögn Svanhildar Hólm náðist nokkur árangur um helgina. **2**

Biðja um frið Amanda Berry, Gina DeJesus og Michelle Knight, sem frelsaðar voru nýverið úr kynlífsánaud í Cleveland í Bandaríkjunum, báðu í gær um frið til að jafna sig. **6**

Friðsöm valdaskipti Flest bendir til að Nawaz Sharif taki við embætti forsætisráðherra í Pakistan. **8**

Fimmta hver barnshafandi kona hefur orðið fyrir ofbeldi

Tekin hefur verið upp reglubundin skimun fyrir heimilisofbeldi hjá konum sem mæta í mæðraskoðun á heilsugæslustöðvum. Hrikalegar tölur, segir ljósmóðir. Meðganga er áhættuþáttur fyrir heimilisofbeldi.

HEILBRIGÐISMÁL Ein af hverjum fimm konum sem mæta í viðtal í mæðravernd hefur upplifað heimilisofbeldi. Þetta segir Ástþóra Kristinsdóttir ljósmóðir, sem er í hópi heilbrigðisstarfsmanna sem hafa þróað verklagsreglur sem fela í sér reglubundna skimun fyrir heimilisofbeldi meðal barnshafandi kvenna.

„Það er því miður mjög algengt að konur eigi einhverja sögu um ofbeldi. Það er talað um að það sé um ein af hverjum fimm konum á meðgöngu sem hefur einhvern tímann verið í slíku sambandi. Þessar tölur eru hrikalegar og

þetta er hlutur sem við verðum að hjálpa konum að taka á. Rannsóknir sýna einnig að 30 prósent kvenna sem upplifa heimilisofbeldi upplifa það í fyrsta skipti á meðgöngunni. Það má því segja að meðganga sé áhættuþáttur fyrir heimilisofbeldi.“

Verklagsreglurnar hafa verið í þróun síðan 2007 en þá var skipaður vinnuhópur fulltrúa Landspítalans, Háskóla Íslands og Miðstöðvar mæðraverndar sem hafði það hlutverk að semja klínískar leiðbeiningar um mat og viðbrögð við ofbeldi í nánnum samböndum. Reglurnar voru tilbúnar á síðasta

ári og að sögn Ástþóru hafa langflestar ljósmæður tekið þær upp.

Ástþóra hefur, ásamt Páli Biering, geðhjúkrunarfræðingi og lektor, og Valgerði Lísu Sigurðardóttur ljósmóður, haldið námskeið fyrir heilbrigðisstarfsfólk. „Það reynist oft erfitt fyrir heilbrigðisstarfsfólk að spyrja þessara spurninga. Starfsfólk þarf líka að vera vel að sér varðandi hvernig best sé að hjálpa konunum og hvaða úrræði séu í boði.“

Mismunandi er hvenær ljósmæður spyrja barnshafandi konur um ofbeldi en það er aldrei gert nema þær séu án maka í viðtalinu.

Skima fyrir ofbeldi

Ljósmæður spyrja konur sem komu í mæðraskoðun hvort þær hafi orðið fyrir ofbeldi. Það er þó ekki gert að makanum viðstöddum. Svári konur játandi er bent á hvaða úrræði séu í boði.

Ýmis úrræði eru í boði bæði innan heilsugæslunnar og á vegum félagsamtaka. „Með því að spyrja erum við að opna fyrir að það sé ekki eðlilegt að vera í svona sambandi og að það sé í lagi að tala um það við einhvern.“ - h6



Bolungarvík	5°	NA	9
Akureyri	6°	NA	6
Egilsstaðir	6°	NNA	6
Kirkjubæjarkl.	12°	N	5
Reykjavík	10°	NNA	7

Bætur í vind á landinu í dag, bjart með köflum suðvestanlands en annars skjáa að mestu og dálítill rigning norðan og austan til. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



HANNE-VIBEKE HOLST IÐRUN

★★★★

„... áhrifamikil ættar- og samtímasaga.“

BJÖRN BREDAL / POLITIKEN

www.forlagid.is
- alvöru bókaútdráttur á netinu



RÍKIDÆMI Sir Alex Ferguson stillti sér upp með barnabörnum sínum ellefu að loknum kveðjuleik sínum í gær. Hann ætlar að gefa sér meiri tíma til að verja með fjölskyldu sinni nú þegar knattspyrnustjóraferlinum er lokið. NORDICPHOTOS/GETTY

Sigursælasti knattspyrnustjóri í sögu enska fótboldans yfirgefur sviðið:

Magnað að kveðja Alex Ferguson

ÍPRÓTTIR Sir Alex Ferguson, sigursælasti knattspyrnustjóri í sögu enska fótboldans, stýrði Manchester United til sigurs í síðasta heimaleik sínum í gær. Að leik loknum tók hann við enska meistarakjörnum og kvaddi síðan stuðningsmenn liðsins sem hann hefur stýrt frá árinu 1986.

Útvarpsmaðurinn Sigurður Hlöðversson er einn harðasti aðdáandi liðsins á Íslandi. Sigurður sótti leikinn í gær og segir að upplifunin hafi verið mögnuð. „Þetta er ein besta upplifun sem ég hef átt á fótboldavelli. Ég hef komið á þennan völlu hátt í 30 sinnum

og þetta er jafnvel hápunkturinn. Þetta er það sem hefur komist næst upplifuninni að sjá liðið verða Evrópumeistara árið 1999,“ segir Sigurður og jatar að það hafi verið sérstakt að kveðja Ferguson.

„Efst í huga eru þakklaeti og virðing. Þetta er erfitt en menn hafa lengi vítað að það væri að stytast í þessi endalok. Svo er gleðilegt að Ferguson hætti sem sigurvegari,“ segir Sigurður, sem hefur ekki áhyggjur af því að gengi liðsins muni dala í kjölfarið.



Uggandi vegna strandveiða:
Tímaspursmál hvenær illa fer

SJÁVARÚTVEGUR „Ég tel öruggt að alvarlegt slys sé aðeins tímaspursmál,“ segir Ásgeir Ragnarsson, sem gerir út strandveiðibátinn Snúlla SH frá Grundarfirði. Ásgeir og sonur hans fengu á sig brot á fyrsta degi strandveiðanna. Hann segir ekkert sjóveður hafa verið þennan dag en ef einn fari á sjó þá fylgi hinir á eftir.



ÁSGEIR RAGNARSSON

Landhelgisgæslan hvatti sjófarendur í síðustu viku til að gæta fyllsta öryggis. Tilkynnt hafði verið um tvö óhöpp þar sem skipverja tók út af strandveiðibáti. Báðum skipverjum tókst að komast aftur um borð. Staðfest fékkst hjá Gæslunni að veður var vont þegar óhöppin urðu.

- shá / sjá síðu 4

SVO LJÚFT OG LÉTT

1 lítið Vanilluskýr.is
1/2 banani
1/2 sneið af melónu
1/2 pera
dass hreinn appelsínusafi
6-8 ísmolar

www.skyr.is

SPURNING DAGSINS



Eva Laufey, ertu búin að vera með bókina lengi í maganum?

„Já, hún var sérlega góð í magann.“
Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir ætlar að skrifa matreiðslubók í sumar en hún hefur haldið úti matarblogginu evalaufeykjaran.com í þrjú ár.

Pingflokkur Sjálfstæðisflokksins fundar um gang stjórnarmyndunarviðræðnanna í dag: Stjórnarmyndun gæti lokið í þessari viku

STJÓRNMÁL Farið er að sjást til lands í stjórnarmyndunarviðræðum Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins en formlegar viðræður hafa staðið yfir frá því sunnudaginn 5. maí. Þetta segir Svanhildur Hólm Valsdóttir, aðstoðarmaður Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins.

„Ég held að við séum loksins farin að sjá fyrir endann á þessu,“ segir Svanhildur og bætir við að hún eigi frekar von á því að viðræðunum ljúki í þessari viku.

Þeir Bjarni og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins,

funduðu alla helgina um stjórnarmyndunina ásamt aðstoðarmönnum sínum. Í gær var fundað fram á kvöld á ótilgreindum stað á Suðurlandi og stóð til að hefja viðræður aftur snemma í dag. Segir Svanhildur að nokkur árangur hafi náðst um helgina.

Síðdegis í dag mun þingflokkur Sjálfstæðisflokksins funda í Valhöll um gang viðræðnanna en ekki hefur verið skipulagður þingflokksfundur hjá Framsóknarflokki.



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

BJARNI BENEDIKTSSON

Svanhildur Hólm Valsdóttir, aðstoðarmaður formanns Sjálfstæðisflokksins

Ég held að við séum loksins farin að sjá fyrir endann á þessu.



MÁTTURINN SÝNDUR Heræfingarnar á Persaflóa eiga að standa til 30. maí. NORDICPHOTOS/AFP

Bandaríkjaher fer fyrir heræfingum á Persaflóa:

41 ríki tekur þátt í heræfingum

BAREIN Bandaríkjaher mun fara fyrir heræfingum 41 ríkis á Persaflóa næstu vikur. Æfa á viðbrögð við hugsanlegum íhlutum Íran í oluflutninga um Hormússund. Manama, höfuðborg Barein, verður miðstöð æfinganna en þar hefur Bandaríkjaher varanlega herstöð.

Íranar hafa hótad því að hafa áhrif á oluflutninga ef Vesturlönd hættu ekki að gagnrýna kjarnorkuáætlanir þeirra. Þá hafa Íranar lagt áherslu á að efla sjóflota sinn.

Nýta nýtilkomnar heimildir: Herða á eftirliti með gistihúsum

FERÐAÞJÓNUSTA Ríkisskattstjóri ætlar að nýta lokunarheimildir sem embættið fékk með lögum í vor á gistihúsum sem ekki hafa tilskilin leyfi fyrir rekstri gistihúsnustu í ferðamannaöðnaði. Fréttastofa Stöðvar tvö greindi frá þessu í gærkvöldi.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa undanfarin ár gagnrýnt harðlega aðgerðarleysi stjórnvalda í þessum málum og meðal annars bent á fjölda leyfislausra gistirýma. Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri samtakanna, segir fjölda leyfislausra íbúða í miðbænum hlaupa á hundruðum.

Eftirlit með gistirýmum er ekki í forgangi hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Bollywood-mynd á Íslandi: Koma hingað í fyrsta sinn

KVIKMYNDIR Indverskur kvikmyndaframleiðandi ætlar að koma til Íslands og taka upp hluta af endurgerð vinsællar Bollywood-myndar í lok mánaðarins. Kvikmyndin, sem nefnist Brindavanam, var fyrst gerð árið 2010 og gekk vel. Times of India greinir svo frá.

Hingað til lands koma indverskar kvikmyndastjörnur og taka upp lag og atriði. Dagskráin gerir ráð fyrir að aðalstjörnur myndarinnar komi hingað 21. maí og dvelji í tíu daga á meðan tökur standa yfir.

Ísland hefur undanfarin ár orðið vinsæll tókustaður meðal bandarískra Hollywood-kvikmyndavera en áhugi Bollywood er nýmæli.

Börn lenda oftast í alvarlegum slysum

Milta sprakk í dreng við fall úr leiktæki á grunnskólalóð. Undirlagið of þunnt, að sögn Herdísar L. Storgaard, starfsmanns landlækniseimbættisins. Þörf á samræmdri rekstrarskoðun sveitarfélaga. Umhverfisráðuneytið endurskoðar reglugerð.

ÖRYGGISMÁL „Alvarlegum slysum á leiksvæðum hefur fjölgað mjög á undanförunum þremur árum á tímum sparnaðar, einkum á leikskólalóðum. Sem betur fer hafa ekki orðið höfuðáverkar en dæmi eru um að börn hafi lærbrotnað á leikskólalóð. Milta sprakk í dreng við fall úr leiktæki á grunnskólalóð. Undirlagið var ekki rétt og alltof þunnt. Börn hafa líka lærbrotnað.“ Þetta segir Herdís L. Storgaard, starfsmaður landlækniseimbættisins, en Herdís hefur um árabil barist fyrir bættu öryggi á leiksvæðum.

Samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar var í fyrra gerð reglubundin árleg aðalskoðun af faggiltum aðila á aðeins 10 prósentum leiksvæða allra leik- og grunnskóla landsins. Framkvæma á yfirlitsskoðun daglega þar sem hættur eru fjarlægðar. Rekstrarskoðun á að framkvæma fjórum sinnum ári af viðhaldsdeild ábyrgðaraðila.

Mörgum rekstraraðilum þykir yfirlitsskoðun og rekstrarskoðun nægja, að því er Katrín Hilmarsdóttir, sérfræðingur Umhverfisstofnunar, greindi frá í Fréttablaðinu í síðustu viku.

Herdísi finnst að rýmka megi reglurnar um skoðun leiksvæða. „Mér finnst í lagi að framkvæma aðalskoðun sjaldnar en einu sinni á ári þegar menn hafa sýnt fram á að allt sé komið í lag. Ákvæðið um aðalskoðun var sett í reglugerðina um leiktæki og leiksvæði vegna þess að menn létu ekki framkvæma rekstrarskoðun. Mönnum hafa þótt kröfurnar íþyngjandi en sveitarfélögin verða að átta sig



LEIKSVÆÐI Herdís L. Storgaard segir möl til sölu sem ekki uppfylli vottanir. Sveitarfélög telji sig vera að kaupa rétta öryggismöl. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

á að þau borga ekki kostnaðinn vegna slysa. Hann er greiddur úr sameiginlegum sjóðum.“
Þörf er á samræmdri rekstrarskoðun leiksvæða, að mati Herdísar. „Það er mjög misjafnt eftir sveitarfélögum hversu vel rekstrarskoðun er framkvæmd. Það þyrfti að útbúa gátlista þannig að þetta yrði sambærilegt um allt land. Ef rekstrarskoðun er framkvæmd á réttan hátt er í raun óþarfi að framkvæma hana fjórum sinnum á ári á milli aðalskoðana.“
Herdís kveðst hafa fengið þau svör hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu að endurskoða eigi reglugerðina um öryggi leiksvæða um leið og gefin hafi verið út öryggishandbók fyrir sundstaði í haust. „Þá þarf einnig að taka tillit

„Mér finnst í lagi að framkvæma aðalskoðun sjaldnar en einu sinni á ári þegar menn hafa sýnt fram á að allt sé komið í lag.“

Herdís L. Storgaard starfsmaður Landlæknis



til þeirra nýjunga sem hafa orðið. Það eru komin mörg innanhússleiksvæði sem engin reglugerð nær til. Það hafa orðið slys á þessum stöðum.“ ibs@frettabladid.is

Tveimur vikum eftir hrun fataverksmiðju í Bangladess finnast rotnuð lík: Ætla að hækka laun verkafólks

BANGLADESS, AP Ríkisstjórn Bangladess ætlar að stofna nefnd um hækkan lágmarkslauna í gríðarstórum fatoiðnaði þar í landi. Nefndin mun svo leggja fram tillögur að launum innan þriggja mánaða.

Kjör verkafólks í landinu eru mjög bág þrátt fyrir mótmæli árið 2010 sem urðu til þess að vikulaun voru hækkuð um 80 prósent í 4.591 krónu.

Rúmlega tvær vikur eru liðnar frá því að átta hæða fataverksmiðja hrundi til grunna með þeim afleiðingum að meira en 1.100 manns létust. Húsið hafði verið hækkað um þrjár hæðir án þess að tilskilin leyfi hefðu fengist. Of þungum framleiðslutækjum var svo komið fyrir á efstu hæðunum með fyrrgreindum afleiðingum. Enn finnast rotandi, illa leikin lík sem erfitt er að bera kennsl á.

Hryllingurinn hefur orðið til þess



RÚSTIR EINAR Húsið var átta hæðir og hýsti margar fataverksmiðjur sem framleiddu fót fyrir nokkur helstu merki heims. NORDICPHOTOS/AFP

að ráðuneyti mála sem tengjast textíliðnaði í Bangladess hefur gripið til ýmissa aðgerða, meðal annars að rannsaka ástand fataverksmiðja

í landinu. Nú þegar hefur 22 verkmiðjum verið lokað tímabundið vegna óuppfylltra öryggiskrafna.

- bph

Taktu á móti sumrinu með iPhone

2.000 kr.
á mán. í 12 mán.
fylgir iPhone 5

iPhone 5 16 GB
119.990 kr.
7.290 kr. /18 mán.



iPhone 4 8 GB
69.990 kr.
4.190 kr. /18 mán.

1.000 kr.
á mán. í 12 mán.
fylgir iPhone 4

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**
NOVA

GENGIÐ
10.05.2013

	Bandaríkjadalur	118,61	119,17
	Sterlingspund	182,57	183,45
	Evra	154,25	155,11
	Dönsk króna	20,688	20,810
	Norsk króna	20,476	20,596
	Sænsk króna	18,036	18,142
	Japanskt jen	1,1693	1,1761
	SDR	177,87	178,93

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
210,7461

Fjölpjóðlegur floti fiskiskipa á Reykjaneshrygg við úthafskarfaveiðar: Úthafskarfaveitíðin lofar góðu

SJÁVARÚTVEGUR Úthafskarfaveitíðin lofar góðu samkvæmt fyrstu fréttum á miðunum á Reykjaneshrygg. Veiðarnar hófust á miðnætti í gær og þegar stundin rann upp voru 12 íslenskir frystitogarar komnir á miðin. Fjöldi erlendra skipa er einnig á miðunum við 200 mílna lögsögumörkin, þar sem veiðin er jafnan best í upphafi vertíðar.

Á heimasíðu HB Granda segir frá því að fjögur skip fyrirtækisins eru á veiðum. Að sögn Heimis Guðbjörnssonar, skipstjóra á Helgu



HELGA MARÍA AK Fjögur skip frá HB Granda eru á miðunum. MYND/HBGRANDI

Maríu AK, var aflinn í fyrsta holli 20 tonn af karfa eftir að hafa dregið í tólf tíma. Það gera 1,5 tonn á togtímann, en menn er sáttir við

tonnið. Aflabrögd eru því prýðileg og lofa góðu.

Að sögn Heimis hafa einir 15 rússneskir togarar, fjórir til fimm spænskir og svipaður fjöldi færayskra og norskra togara verið á veiðisvæðinu við lögsögumörkin, en þær upplýsingar segist Heimir hafa fengið hjá rússneskum skipstjóra í fyrradag.

Heimir segir karfann sem veiðist vera ágætan, og mest sé um milli-stóran karfa en einnig verði vart við smærri karfa í bland. -shá

Lofaði afnotum af bíl: Ákærður fyrir að tæla ungling

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru á hendur tvi-tugum manni fyrir að brjóta kynferðislega gegn pilti sem þá var sautján ára gamall.

Manninum er gefið að sök að hafa tælt unglingspiltinn til annarra kynferðismaka en samræðis með því að lofa honum gjöfum – meðal annars afnotum af bíl, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Málið verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjaness 15. maí. -sh



HVÍTT VATN Vatnið í læknum varð hvítt um helgina. Engar skýringar hafa fundist á lituninni.

Kópavogslækurinn varð mjólkurhvítur um helgina:

Lögregla rannsakar lækinn

LÖGREGLUMÁL Vatnið í Kópavogslæk og í settjörn milli Kópavogs og Breiðholts varð hvítt um helgina. Lögreglan hefur málið til rannsóknar en er engu nær.

Í fyrstu beindist grunurinn að bensínstöð í nágrenninu en það var svo afráðið að mengun frá stöðinni kynni að hafa litun vatnsins í för með sér. Þorvaldur Sigmarsson, varðstjóri hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, sagði í kvöldfréttum RÚV í gærkvöldi að embættið kynni engar skýringar á málinu.

Nýverið var samþykkt í Kópavogsbæ að kanna hvort hægt væri að sleppa fiskum og seiðum í lækinn. Íbúi sem vísir.is hafði samband við í gær var þó á því að sinna þyrfti svæðinu betur áður en áform um fiskeldi fengju fram að ganga. -bph

Aukið öryggi á netinu:

Um 350 þúsund rafræn skilríki

STJÓRNSÝSLA Frá því að útgáfa á rafrænum skilríkjum hófst fyrir fimm árum hafa yfir 350 þúsund slíki skilríki verið framleidd. Tæp 90% Íslendinga 15 ára og eldri geta því nýtt sér rafræn skilríki og næstum helmingur þessa hóps hefur þegar virkjað þau.

Meirihluti innlendra þjónustuaðila sem bjóða persónubundna þjónustu á netinu nýta rafræn skilríki við innskráningu. Alls bjóða yfir 120 innlendir og 40 erlendir þjónustuaðilar viðskiptavinum þessa þjónustu; bankar, tryggingarfélag, lífeyrissjóðir, auk fjölmargra opinberra aðila. -shá

Talsverður fjöldi vopnamála:

Sérsvaitin 72 sinnum vopnuð

LÖGREGLUMÁL Heildarfjöldi verkefna hjá sérsvait lögreglunnar á síðasta ári var 3.593. Þar af voru vopnuð útköll sjöfju og tvö talsins. Vopnaútköllin eru því talsvert fleiri en árið á undan þegar sérsvaitin fór í sextíu og þrjú vopnuð útköll. Flestar beiðnir til sérsvaitarinnar bárust frá ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, eða tuttugu og sjö skipti.

Skotvopnatilkynningar sem bárust sérsvaitinni voru þrjátíu og í tuttugu og sjö skipti var tilkynnt um manneskjur með hnífa eða önnur eggvopn. -mlþ

Óttast mannskaða ef kerfi stendur óbreytt

Sjómenn telja aðeins tímaspursmál hvenær slys verður hjá strandveiðiflotanum. Segja fyrirkomulag veiðanna fela í sér að sjómenn tefla á tvær hættur til að ná takmörkuðum afla. Breytingar í frumvarpi um stjórn fiskveiða dagaði uppi.

ÖRYGGISMÁL „Ég tel öruggt að alvarlegt slys sé aðeins tímaspursmál. Margir sjómenn deila reyndar þessari skoðun,“ segir Ásgeir Ragnarsson, sem gerir út strandveiðibátinn Snúlla SH frá Grundarfirði, sem telur að fyrirkomulag strandveiða feli í sér mikla hættu og því verði að breyta. Ásgeir og sonur hans, Heimir Þór, fengu brot á bátinn á fyrsta degi strandveiða með þeim afleiðingum að tvær rúður brotnuðu í stýrishúsi bátsins. „Það var ekkert sjóveður þennan dag en allir ruku á sjó til að ná sinni sneið. Það mun þáttur, eða bátar, fara niður einhvern daginn af því að menn eru að keppa. Ef einn fer á sjó, þá fylgja hinir á eftir,“ segir Ásgeir sem vísar til þess að strandveiðar eru sóknarkerfi, oft kallaðar ólympískar veiðar, þar sem allir strandveiðibátar keppa um að veiða fyrir fram úthlutaðan afla innan hvers svæðis, en landinu er skipt í fjögur veiðisvæði.

Landhelgisgæslan sendi frá sér tilkynningu á miðvikudag þar sem sjófarendur voru eindregið hvattir til að gæta fyllsta öryggis. Tvö óhöpp voru tilkynnt með stuttu millibili þar sem skipverja hafði tekið út af strandveiðibáti. Í bæði skiptin tókst viðkomandi að komast með naumindum um borð aftur, en það fékkst staðfest hjá Gæslunni að vont veður var þegar óhöppin urðu.

Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, segir að tillit til þessa hafi verið tekið í frumvarpi um stjórn fiskveiða sem dagaði uppi í þinginu



BROTID OG BRAMLAD Ásgeir situr hér í bát sínum Snúllu áður en viðgerð hófst. Rúðurnar brotnar og sjóskemmdir miklar. Þrjár aðrir bátar fengu á sig brot þennan dag. MYND/TÓMAS KRISTJÁNSSON

nýlega. Þar voru hugmyndir uppi um að sjómenn gætu valið sér daga í maí og júní til að létta af þessari hættu. „Þetta er alltaf hættan í svona veiðum. Menn freistast til að fara á sjó í tvísýnu en fyrst og síðast gildir alltaf sú grundvallarregla að menn fari ekki á sjó nema aðstæður leyfi það, segir Örn. Hann bætir þó við að slíki aðgerð leysi ekki vandann. Menn gætu geymt sér daga vegna aðstæðna, til dæmis á fiskmörkuðum og lent í harðri sókn ef dagar safnast upp í lok tímabils.

Ásgeir nefnir eins konar skyndilokanakerfi í strandveiðunum, þegar hann er inntur eftir þeim breytingum sem sjómenn ræða sín á milli. „Það má setja viðmið, vind-

„Það var ekkert sjóveður þennan dag en allir ruku á sjó til að ná sinni sneið. Það mun þáttur, eða bátar, fara niður einhvern daginn af því að menn eru að keppa.“

Ásgeir Ragnarsson sjómaður

styrk, ölduhæð eða annað á viðkomandi svæði, sem ákvarðar hvort mönnum er hleypt á sjó. Ég held að það verði einhver að geta stjórnað þessu, þó að ég geti ekkert sagt um hvernig því eftirliti væri best fyrir komið,“ segir Ásgeir.

svavar@frettabladid.is

„... krakkarnir flottir og trúverðugir, atburðarásin er hröð og töff og bókin öll hin skemmtilegasta.“

Anna Lilja Þórisdóttir
Morgunblaðið

STEFÁN MÁNI

ÚLFSHJARTA

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

NORÐANÁTT og kólnandi veður verður á landinu næstu daga. Dálítil úrkoma fellur norðan- og austanlands í dag og á morgun en á miðvikudag verður úrkomulaust og víða bjart veður þótt líklega verði heldur skýjað norðaustan til.

Alicante 22° Berlin 17° Friedrichshafen 16° Las Palmas 24° New York 14° París 15°
 Apena 24° Billund 11° Gautaborg 12° London 12° Orlando 28° San Francisco 21°
 Basel 21° Frankfurt 15° Kaupmannahöfn 12° Mallorca 22° Ósló 10° Stokkhólmur 16°

Ingibjörg Karlsdóttir
veðurfréttamaður

The Hacker Code: Angels vs Demons

www.promennt.is

CERTIFIED ETHICAL HACKER v8

NÁMSKEIÐ HEFST 16. MAÍ

HEIMSFROMSÝNING: FYRST Í HEIMINUM TIL AÐ KENNA V8!

Á námskeiðinu sókkva nemendur sér í sérstakt gagnvirkt umhverfi þar sem þeim er sýnt hvernig á að skanna, prófa, hakka inn og vernda sitt eigið umhverfi/kerfi. Í þessu umhverfi fá nemendur djúpa þekkingu og hagnýta reynslu sem þeir geta nýtt í sínu raunumhverfi.

Námskeiðið er ætlað þeim sem starfa við upplýsingaöryggi, öryggisfulltrúa, öryggissérfræðinga, kerfisstjóra og alla þá sem er umhugað um öryggi innviða netkerfa sinna.

Kennari: Wayne Burke, trainer of the year hjá EC-Council 2012.

Kennt: kl. 9-16

Sérstakur aukapakki fylgir þessu fyrsta námskeiði

1. Sex mánaða aðgangur að CEHV8 iLabs (Virtual Labs) – Verðmæti: um 24.000 kr.
2. „Second shot“ fyrir CEHV8 prófið – Verðmæti: um 59.000 kr.
3. Eins árs aðgangur að CEHV8 e-courseware – Verðmæti: um 13.000 kr.
4. FRÍTT á ráðstefnuna Hacker Halted Europe 2013 í Hörpu 7.-8. okt – Verðmæti: 90.000 kr.
5. Aukadagur (4 klst.) í Mobile Hacking að verðmæti 49.000 kr.

”Ef þú ert að leita að vottun sem sýnir getu og reynslu þína í prófunum og styrkingum á tölvukerfum og tæknibúnaði því tengdu, þá er CEH klárlega efst á listanum. Frá því ég kláraði CEH námskeiðið hef ég miklu betri innsýn inn í hættur sem hakkarar geta valdið í nútíma tölvukerfum. Þessi þekking er mjög gagnleg við mat á öryggisógnum og hvernig hægt er að bregðast við þeim.“

Ólafur R. Rafnsson, Ráðgjafi, upplýsingaöryggi og upplýsingatækni, Partner hjá Capacent

Nánari upplýsingar og skráning:
promennt.is

HACKER HALTED EUROPE 2013

RÁÐSTEFNA Í HÖRPU 7.-8. OKTÓBER

Í FYRSTA SINN Í EVRÓPU!

Hacker Halted Europe 2013

Á ráðstefnunni Hacker Halted Europe 2013 verða um 50 fyrirlesarar sem fjalla um allt það nýjasta er lýtur að öryggi í upplýsingatækni í dag. Í þessum hópi eru margir af færustu sérfræðingum heims og fjalla þeir um hættur sem steðja að upplýsingakerfum í dag og hvernig mögulegt er að bregðast við þeim.

Þessi alþjóðlega ráðstefna er kjörinn vettvangur fyrir fagfólk í upplýsingatækni til að auka þekkingu sína ásamt því að hitta fjöldan allan af sérfræðingum sem allir eru til í að deila reynslu sinni af öryggi í upplýsingatækni.

”Þessi fyrsta Evrópuráðstefna Hacker Halted mun verða sú besta sem haldin hefur verið í heiminum hingað til. Við verðum með marga af bestu fyrirlesurum heims á sviði upplýsingaöryggismála sem fjalla um það heitasta í dag.“

Eric Lopez, Director of Conference and Events at EC-Council

Nánari upplýsingar og skráning:
www.proconf-iceland.com

PROMENNT

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is • promennt.is

PROMENNT

VEISTU SVARID?



1. Hver rær í kringum Ísland til styrktar Samhjálp?
2. Hver átti drykkinn sem kom Ómari Erni Sævarssyni í vandræði?
3. Hvaða íslenski kvikmyndatökmaður starfaði með John Cusack?

SVÖR:
1. Guðni Páll Víktorsson. 2. Ryan Pettinella.
3. Óttar Guðnason.

Nemum við arkitektúrdeild Listaháskólans brugðið vegna skemmdarverka:

Örbyggingu listnema rústað

MENNTAMÁL Fyrsta árs nemum við arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands brá heldur betur í brún þegar þeir komu að verki sínu í Óskjuhlíð seinnipartinn í gær. Örbygging sem byggð hafði verið í tengslum við verkefni í skólanum hafði verið eyðilögð.

„Við vitum ekkert hvað gerðist. Þetta hefur verið árviss viðburður hjá okkur í skólanum um nokkurt skeið og við höfum aldrei lent í svona löguðu áður,“ segir Hildigunnur Sverrisdóttir, fag-

stjóri í arkitektúr við Listaháskólann.

Nemendurnir hafa undanfarið unnið að því að skoða mismunandi not borgarbúa fyrir Óskjuhlíðina. Þeir unnu verk sín, örbyggingarnar, með notagildi ákveðinna hópa í huga.

„Það hefur heilmikil vinna farið í skemmdarverkin þar sem skorið var á kaðla og spýtur brotnar. Maður bara skilur þetta ekki,“ segir Hildigunnur Sverrisdóttir.



ÓNÝTT Göngin sem eyðilögð voru.

Starfsemin endurskipulögð: Kristján Arason hættur hjá N1

VIÐSKIPTI Kristján Arason hefur látið af störfum sem yfirmaður sölusviðs N1. Viðskiptablaðið greindi frá þessu í síðustu viku en Kristján hafði starfað hjá félaginu frá hausti 2010.

Þá hafði Viðskiptablaðið eftir Eggerti B. Guðmundssyni, forstjóra N1, að ástæða brotthvarfs Kristjáns sé endurskipulagning á rekstri félagsins. Kristján var áður framkvæmdastjóri viðskiptasviðs Kaupþings og atvinnumaður í handbolta.



BOIKO BORISOV
SERGEY SANISHEV

Pingkosningar í Búlgaríu:

Allt útlit fyrir stjórnarkreppu

BÚLGARÍA, AP Mið-hægriflokkurinn í Búlgaríu og helsti keppinautur þeirra, flokkur sósíalista, höfðu mest fylgi kjósenda í pingkosningum þar í landi í gær, samkvæmt útgönguspám. Hvorugur flokkurinn virtist hins vegar meirihluta til að mynda stjórn eins flokks.

Stjórnarkreppa er því yfirvofandi í Búlgaríu ef fer sem horfir. Ekki batnar þá ástandið sem efna-hagskreppan hefur haft í Búlgaríu.

Kjósendur hafa dregið lögmati kosninganna í efa og segja spillaða embættismenn stjórna útkomunni. Yfir 250 alþjóðlegir eftirlitsmenn fylgjast með kosningunum. Landinu hefur verið stjórnað af utanþingsstjórn síðan Boiko Borisov sagði af sér sem forsætisráðherra í febrúar. Sá er leiðtogi mið-hægriflokksins og mun þurfa að mynda samsteypustjórn ef Sergey Sanishev, leiðtogi sósíalista, verður ekki fyrri til.

UTANRÍKISMÁL

Nýtt stjórnámband

Ísland hefur tekið upp stjórnámband við Trínídad og Tóbagó. Fasta-fulltrúar Íslands og Trínídad og Tóbagó hjá SP, Gréta Gunnarsdóttir og Rodney Charles, undirrituðu yfirlýsingu þess efnis.



Könnuðu öryggi í Fljótunum

Bandarískir leiðsögumenn könnuðu öryggi og aðstæður til uppbyggingar skíðaferðaþjónustu í Fljótum. Sama ferðaþjónusta myndi sinna fluguveiðimönnum á sumrin en skíðafólki ferðast á tindinn með þylrum á veturna.

FERÐAÞJÓNUSTA Verið er að undirbúa áætlun um móttöku á fluguveiðimönnum á sumrin og skíðamönnum á veturna í Fljótunum á Tröllaskaga. Bandarískir leiðsögumenn með sérfræðisekkingu á snjóflóðum hafa undanfarna daga dvalist í Fljótunum til að meta aðstæður og öryggi fyrir hugsanlega vetrarþjónustu.

„Þetta er búinn að vera draumur í mörg ár að koma upp þarna mikilli aðstöðu. Ég er búinn að vera í sjö ár að undirbúa ána til þess að gera þetta að einu miklu ævintýri,“ segir Orri Vigfússon, frumkvöðull úr Fljótunum. Bandarísku leiðsögumennirnir voru hér á vegum Orra sem vonar að hægt verði að koma upp fullnægjandi aðstöðu á allra næstu árum.

Leiðsögumennirnir köstuðu sér úr þylrum hátt í hlíðum fjallanna fyrir ofan Siglufjörð og Ólafsfjörð og renndu sér niður á skíðum og snjóbrettum með tilheyrandi tilþrifum. Um aðferðir leiðsögumanna til að kanna öryggi í fjöllunum segir Orri að svona séu athuganirnar gerðar erlendis. „Svona er þetta gert í Colorado og í vesturluta Kanada þar sem svona ferðaiðnaður er stundaður.“

Orri segir svona ferðaþjónustu dýra en þeim mun stærri erlendis. „Þetta er fyrir þá sem geta borgað mikið fyrir. Það kostar auðvitað mikið að leigja tævar þylur allan daginn. Það er samt lagt gríðarlega mikið upp úr öryggismálum.“

birgirh@frettabladid.is



MIKIL TÆKIFÆRI Snjórin í fjöllunum getur setið langt fram á sumar og segir Orri í því felast mörg tækifæri. Bandaríkjamennirnir ætla til dæmis að koma aftur um miðjan júní, skíða og veiða bleikju í Fljótaá. MYNDIR/ALEX FENLON

Eldhús- og skolvaskar Á MÚRBÚÐARVERÐI

Boi-604 48x43x18cm
Þykkt stáls 0,8mm
7.490,-
(fleiri stærðir til)

Boi-834 80x48x18cm þykkt 0,8mm
11.990,-

Mikið úrval af blöndunartækjum.

CR Plast skolvaskur 55x34x21cm með botnventili og vatnslás
6.990,-

Gua 539-1 með veggstálplötu, grind fylgir, 1mm stál
19.900,-

Gua-543-1 vegghengdur, 1mm stál, einnig fánlegur í borð kr. 17.990

Botnventill og vatnslásar fylgja öllum vöskum

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ
Akureyri
Vestmannaeyjum

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

— Afslátt eða gott verð? —
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Amanda Berry, Gina DeJesus og Michelle Knight rufu þögnina í gær:

Biðja um frið til að jafna sig

BANDARÍKIN, AP Amanda Berry, Gina DeJesus og Michelle Knight, sem frelsaðar voru úr kynlífsánaud í Cleveland í Bandaríkjunum á mánudag, gáfu frá sér yfirlýsingu í gær. Biðja þær um frið til að jafna sig en segjast jafnframt þakklátar fyrir þann gríðarlega stuðning sem þær hafa fundið.

„Ég er rosalega hamingjusöm yfir því að vera komin heim. Ég vil þakka fyrir allan stuðninginn sem ég hef fundið og allar bænirnar. Nú vil ég einungis fá frið til að verja tíma með fjölskyldu minni,“ sagði DeJesus í yfirlýsingu sem lögmaður hennar las fyrir fjölmiðla.

Konunum þremur, sem eru nú á þrítugs- og fertugsaldri, var rænt á árunum 2002 til 2004 þegar þær voru 14 ára, 16 ára og 20 ára. Að sögn lögreglu hafa þær síðan dvalið í ánaud á heimili Ariels Castro þar sem þeim var ítrekað nauðgað og einungis leyft að fara út úr húsi í örfá skipti.

Castro, sem er 52 ára gamall fyrrverandi skólabílstjóri, hefur verið ákærður fyrir mannrán og nauðganir. Þá hefur saksóknari lýst því yfir að hugsanlega verði Castro ákærður fyrir morð en talið er að hann hafi samtals fimm sinnum orsakað fósturlát hjá konunum þremur. Verði Castro ákærður fyrir morð gæti hann átt yfir höfði sér dauðarefsingu.



VELKOMNAR HEIM Íbúar Cleveland hafa sýnt mikla samstöðu með konunum þremur eftir að afdrif þeirra urðu ljós á mánudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**DREGIÐ
Á MORGUN**

1.000

MILLJÓNIR SKATTFRJÁLSAR



**FULLT SKOTT AF
PENINGUM**

**5 milljónir króna
í skottinu**

á tvöfaldan miða

eða 10 milljónir í peningum.

SEX X VW BJALLA!

Sex sinnum á happdrættisárinu verður dregin út Volkswagen Bjalla, sportlegur lúxusbíll, 5 milljóna virði.

MILLJÓNAVINNINGAR

7x6 milljónir og 39x4 milljónir

Fjórtán 3 milljóna króna og sjötíu og átta 2 milljóna króna vinningar á einfaldan miða.

Alls er dregið um 50 þúsund vinninga á árinu.



Miðaverð 1.300 kr. á mán. fyrir einfaldan miða.

**Kauptu miða á www.das.is
eða í síma 561 7757.**



**STYRKU MÁLEFNI
ALDRADRA**

Leggjum okkar af mörkum og búum öldruðum áhyggjulaust æviköld. Happdrætti DAS hefur tekið þátt í því verkefni í 59 ár.

dregið í hverri viku

FRÁBÆR TILBOÐ!

Gerðu mögnuð kaup!
Allt að 80% lánamöguleikar

Erum með frábær eintök
af bílum á tilboði í maí



Rnr. 151520

SUZUKI GRAND VITARA PREMI.
Nýskr. 06/11, ekinn 41 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.490.000

TILBOÐSVERÐ!
3.790 þús.



Rnr. 120147

KIA SORENTO LUXURY
Nýskr. 02/11, ekinn 177 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 5.390.000
TILBOÐ kr. 4.690 þús.



Rnr. 151661

HONDA JAZZ COMFORT
Nýskr. 05/11, ekinn 31 þús km.
bensín, beinskíptur.
Verð áður kr. 2.390.000
TILBOÐ kr. 1.990 þús.



Rnr. 151918

CHEVROLET CAPTIVA
Nýskr. 11/10, ekinn 101 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.290.000
TILBOÐ kr. 3.690 þús.



Rnr. 101823

RENAULT MEGANE BERLINE
Nýskr. 11/09, ekinn 57 þús km.
bensín, beinskíptur.
Verð áður kr. 1.780.000
TILBOÐ kr. 1.290 þús.



Rnr. 151151

NISSAN X-TRAIL SE
Nýskr. 04/08, ekinn 105 þús km.
dísil sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.370.000
TILBOÐ kr. 2.490 þús.



Rnr. 151471

NISSAN NOTE VISIA
Nýskr. 09/10, ekinn 81 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.090.000
TILBOÐ kr. 1.690 þús.

bílaland

Kletthálsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Gróður á náttúruverndarsvæði þolir ekki átroðning ferðamanna:

Umferð bönnuð í Dimmuborgum

NÁTTÚRA Öll umferð almennings um náttúruvættið Dimmuborgir hefur verið bönnuð vegna viðkvæms ástands náttúrunnar nú þegar snjó leysir. Bannið tók gildi á laugardag og mun að öllum líkindum standa í eina til tvær vikur.

Göngustígar svæðisins eru flestir fullir af snjó, krapa, ís eða drullu og því geta töluverð spjöll hlotist af umferð almennings.

Landgræðslan og Umhverfisstofnun taka þessa ákvörðun eftir að hafa kannað ástand gróðursins undir snjónum. Í tilkynningu frá Umhverfisstofnun segir að gróður svæðisins þoli alls ekki átroðning þegar hann er að koma undan snjó en nú þegar hafa talsvert margir gestir heimsótt Dimmuborgir. - bph



DIMMUBORGIR Svæðið er fagurt enda eru þar einstæðar hraunmyndanir á heimsvísu. Mikill fjöldi fólks heimsækir Dimmuborgir á hverju ári. MYND/UMHVERFISSTOFNUN

Friðsöm valdaskipti í Pakistan í fyrsta sinn

Nawaz Sharif, sem gegndi tvisvar embætti forsætisráðherra Pakistan á tíunda áratugnum, tekur á ný við embættinu eftir þingkosningar þar í landi. Ríflega 130 létust í árásum talibana í aðdraganda kosninganna, þar af tuttugu á kjördag.

PAKISTAN, AP Flest bendir til að Nawaz Sharif, fyrrverandi forsætisráðherra Pakistan, taki við embættinu á ný í kjölfar kosningasigurs flokks hans; Múslímabandalagsins. Fyrir nokkrum vikum benti fátt til þess að Sharif myndi vinna kosningarnar en síðast þegar hann gegndi embætti forsætisráðherra steypiti herinn honum af stóli.

Samkvæmt óformlegum niðurstöðum kosninganna var flokkur Sharifs nálægt því að fá meirihluta þingsæta í pakistanska þinginu. Hann mun því þurfa að tryggja sér meirihluta í þinginu en það er talið formsatriði.

Múslímabandalagið fékk umtalsvert fleiri atkvæði en þeir flokkar sem komu á eftir honum og því er talið óumdeilt að Sharif hafi fengið umboð til að mynda ríkisstjórn. Hinn vinstrisinnæði Fólksflokkur Pakistan (PPP), sem stýrt hefur landinu síðustu fimm ár, tapaði miklu fylgi.

Ofbeldi og hryðjuverk voru þó skugga á kosningabaráttuna. Fleiri en hundrað létust í árásum sem tengdust kosningunum en þrátt fyrir ofbeldið var kosningabátttaka 60%, sem er talsvert meira en í kosningunum árið 2008 þegar hún var 44%.

Á eftir Múslímabandalaginu fékk Réttlætishreyfing krikketstjórnunnar fyrrverandi Imran Khan flest atkvæði. Khan, sem leiddi lið Pakistan sem varð heimsmeistari í krikketi árið 1992, fékk mikið fylgi meðal kjósenda sem orðnir eru þreyttir á



LAHORE Í PAKISTAN Stuðningsmenn Nawaz Sharif fögnuðu kosningasigri Múslímabandalagsins með flugeldum í Lahore, heimaborg Sharifs. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ofbeldi í aðdraganda kosninganna

Á kjördag gerðu talibana fjöldi árás á kjósendur og létust 20 hið minnsta, flestir í stórrí sprengingu í hafnarborginni Karachi í suðurhluta Pakistan. Alls létust því ríflega 130 einstaklingar í sprengingum og skotárásum tengdum kosningunum en aldrei áður hafa jafn margir fallið í aðdraganda kosninga í landinu.

hinum hefðbundnu valdaflokkum Pakistan.

Sharif, sem er 63 ára, var tvisvar forsætisráðherra Pakistan á tíunda áratug síðustu aldar og setti meðal annars af stað kjarnorkuvopna-áætlun landsins. Árið 1999 steypiti herinn honum af stóli eftir að samband hans við ædstu stjórnendur hersins versnaði. Sharif fór í kjölfarið í útlegð til Sáði-Arabíu en sneri aftur til Pakistan árið 2007.

Sharif hefur síðustu ár leitt

stjórnarandstöðuna í Pakistan og mun nú taka við forsætisráðherraembættinu á ný við fyrstu friðsælu valdaskiptin í kjölfar lýðræðislegra kosninga frá sjálfstæði Pakistan árið 1947.

Mörg stór verkefni bíða nýrrar ríkisstjórnar en Pakistanar glíma meðal annars við mikla verðbólgu, skelfilegt dreifikerfi raforku sem veldur reglulega myrkvunum um allt landið og vopnaða uppreisn talibana. magnusl@frettabladid.is

Ellefu hundruð manns vöktu athygli á brjóstakrabba í Laugardalnum í gær:

„Sannkölluð gleðiganga“

FÉLAGSMÁL Ellefu hundruð manns lögðu leið sína í Laugardalinn í gær til að taka þátt í styrktargöngu gegn brjóstakrabba.

Átakið hófst fyrir viku með kokkteilboði í versluninni Kronkron. Þar voru bolir sem seldir voru til styrktar átakanu frum-sýndir, en hönnuðir bolanna eru hjónin Huguína Árnadóttir og Magni Þorsteinsson, hönnuðir Kron by Kronkron. Bolirnir nutu gríðarlega vinsælda og seldust upp á örfáum dögum.

Veðrið lék við göngumenn og gleðin skein úr hverju andliti að sögn viðstaddra. Aldrei hefur annar eins fjöldi tekið þátt í göngunni sem nú var farin í sjöunda sinn. „Þetta var bara alveg yndislegt og sannkölluð gleðiganga,“ sagði Ragnhildur Zoëga, ein stjórnarkvænna.



GÖNGUM TIL GÓÐS Um tvö þúsund manns gengu saman til að vekja athygli á brjóstakrabba á landsvísu. Aldrei hafa fleiri tekið þátt. MYND STÖÐ 2

- mlþ

flugsláttur

99%

AFSLÁTTUR

**AF BARNAFARGJALDI
TIL 31. MAÍ 2013**

**SVONA
NOTAR ÞÚ
FLUGSLÁTTINN**

**SMELTU ÞÉR Á
FLUGFELAG.IS**

SLÁÐU INN FLUGSLÁTTARKÓÐANN VIÐ BÓKUN:

BARN99*

**TJING!
ÞÚ FÆRÐ
AFSLÁTT**

FLUGFELAG.IS

VINGUMST: facebook.com/flugfelag.islands

*Flugsláttur gildir um bókanir til allra áfangastaða Flugfélags Íslands innanlands fyrir börn, 2–11 ára, í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun. Flugsláttur býðst eingöngu þegar bókað er á netinu, flugfelag.is, fyrir 31. maí 2013 en við bætist flugvallarskattur.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

HEIMURINN



Slepptu fjórum friðargæsluliðum

1 SÝRLAND Sýrlenskir uppreisnarmenn hafa sleppt fjórum filippseyiskum friðargæslumönnum sem teknir voru höndum í síðustu viku. Friðargæslumennirnir eru í Sýrlandi á vegum Sameinuðu þjóðanna en ránið á þeim varð til þess að Filippseyjar beittu hótunum í garð Sýrlendinga. Mennirnir fjórir munu gangast undir lækniaköðun þótt ljóst sé að þeir hafi ekki verið beittir harðræði í fangavistinni.

Fórust í námusprengingum

2 KÍNA Yfirvöld í Kína segja að 40 námuverkamenn hafi farist í tveimur aðskildum námuslysum í suðvestanverðu landinu um helgina. Svo virðist sem sprengingar hafi orðið í námunum með þeim afleiðingum að þær hrundu. Seinni sprengingin var á laugardag í Sísjúan-héraði þar sem 28 fórust. Sagt er að 108 verkamenn hafi verið í námunni þegar sprenging reið yfir. Tólf létust í fyrri sprengingunni nokkru sunnar í Guizhou-héraði.

Götuðu sig í tilbeiðslu

3 INDLAND Indverskir hindúar tilbáðu gyðjuna Maha Mariamman í Amritsar á Indlandi með því að reka löng spjót í gegnum báðar kinnar sínar. Hindúar trú á því að Maha Mariamman verndi alla þá sem tilbeiðja hana og að hún færi fylgjendum sínum heilsu og velsæld.



Tapaði veðmáli um Formúlu 1



FLOTTUR Í TAVINU Richard Branson og Tony Fernandes eiga báðir flugfélög og mikið af peningum. Nýverið viðurkenndi Branson að hafa tapað veðmáli við Fernandes sem handsalað var árið 2010 þegar þeir áttu hvor sitt keppnisliðið í Formúlu 1 sem háðu mikla baráttu um neðstu sætin. Veðmálið gekk út á að sá sem yrði undir á kappakstursbrautinni myndi þjóna hinum um borð í flugvél sigurvegarans. Skemmst er frá því að segja að Branson þurfti að klæðast flugfreyjubúningi AirAsia-félagsins og mata Fernandes.

NORDICPHOTOS/AFF

Símaskráin 2013

Í ár er Símaskráin tileinkuð sjálfböðaliðum Slysavarnafélagsins Landsbjargar og þeirra góða starfi.



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Símaskráin liggur frammi á eftirtöldum stöðum

Á höfuðborgarsvæðinu:

- Afgreiðslustöðvar Olís og Skeljungs
- Verslanir Krónunnar
- Verslanir Símans, Vodafone og Tals
- Skrifstofa Já, Glæsibæ, Álíheimum 74

Á landsbyggðinni:

- Afgreiðslustöðvar Póstsins
- Verslanir Símans og Vodafone á Akureyri

Ég vil þakka hverjum og einum einasta af þeim 18.000 sjálfböðaliðum Slysavarnafélagsins Landsbjargar fyrir mjög svo óeigingjarn og fórnfúst starf í þágu almennings í landinu. Þið eruð **hetjur** öll sem eitt. **Eygló Harðardóttir**. Ég vil senda kveðju til allra þeirra sem hafa starfað og eru starfandi sjálfböðaliðar Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Það hlýtur að þurfa **kjark, mátt og þol** til að vinna alla þessa vinnu sem getur komið upp á hvenær sem er, hvar sem er og á hvaða tíma sem er. **Takk fyrir** allt sem þið hafið **gefið** af ykkur. **Margrét Lena Kristensen**. Takk fyrir að veita okkur þetta mikla **öryggi** sem björgunarsveitirnar gera. Takk fyrir að hugsa um aðra fyrst og **leggja ykkur oft í hættu** við að **bjarga öðrum**. Takk fyrir að gefast aldrei upp. **Guðmunda Ólafsdóttir**. Ég vil þakka öllu björgunarsveitarfólki á landinu fyrir að vera til staðar ef eitthvað er að, og að geta **hjálpað fólki í neyð**. Ég dáist að því hvað björgunarsveitarfólk gerir mikið til að bjarga öðrum og hvað það **fórnar miklu fyrir aðra**. **Auður Ósk Sigurþórsdóttir**. Sendi öllum sjálfböðaliðum Slysavarnafélagsins Landsbjargar minar bestu kveðjur og óskir um velgengni, allt þetta **fórnfúsa fólk** á svo miklar þakkir skíldar fyrir sitt óeigingjarna starf við aðstoð og við að **hjelpa meðbræðrum** í þessu samfélagi. Þeim verður seint fullþakkað. Bestu kveðjur. **Sturla Einarsson skipstjóri**.

Símaskráin
2013



118



118

Gulu síðurnar

já

Stjómuris

Símaskrá

Já í símann

Ísís

já

- er svarið

Lions á Húsavík gefur gjöf: Bangsar fyrir börn í sjúkrabíl

HÚSAVÍK Félagar úr Lions-klúbbum á Húsavík færðu sjúkraflutningamönnum og Akureyrardeild Rauða Krossins hundrað bangsa fyrir helgina.

Bangsarnir eru hugsaðir fyrir börn sem þurfa að ferðast með sjúkrabíl eða í sjúkraflugi.

Þorbjörn Rúnarsson slökkviliðsstjóri segir bangsana koma að góðum notum. Dæmi séu um að bangsarnir fylgi yngstu skjólstaðingunum í gegnum ferli tengt slysum eða veikindum. -ap



FRANS PÁFI Tilkynti um fyrsta dýrlinginn í Kólumbíu um helgina.

Frans páfi tók í dýrlingatölu: Rúmlega 800 nýir dýrlingar

VATÍKANÍÐ Frans páfi tilkynti um helgina um hundruð nýrra dýrlinga, þar á meðal píslarvotta frá fimmtánda öld sem höfðu neitað að taka upp íslamska trú.

Píslarvottarnir sem hafa verið teknir í tölu dýrlinga eru frá Otranto og eru 813 talsins. Þeir voru myrtir í suðurhluta landsins árið 1480 en allir voru þeir Ítalir. Það voru Tyrkir sem drápu fólkið þegar það neitaði að afneita kristnisdóminum.

Þá fengu Kólumbíumenn sinn fyrsta dýrling um helgina. Það er nunnan Lára sem, ásamt fimm öðrum konum, reið inn í skógana í landinu árið 1914 og kynnti kristni fyrir hinum innfæddu sem þar bjuggu.

Silfur í Norðurlandakeppni: Bjarni Siguróli í öðru sæti

FÓLK Matreiðslumeistarinn Bjarni Siguróli Jakobsson hlaut silfurverðlaun í keppninni um Matreiðslumann Norðurlandanna.

Keppnin fór fram á hóteli Clarion Post í Gautaborg í Svíþjóð og var tilkynt um úrslitin á laugardag.

Bjarni er í íslenska kokkalandslíðinu og starfar á Slippbarnum. Bjarni var valinn Matreiðslumaður ársins árið 2012.

Gullverðlaunin fóru til Noregs og bronsið til Danmerkur.



BJARNI SIGURÓLI JAKOBSSON

LÖGREGLUFRÉTTIR

Með 150 grömm kókaíns

Lögreglan á Suðurnesjum hefur að mestu lokið rannsókn á máli sem upp kom þegar karlmaður á fertugsaldri var tekinn með 150 grömm af kókaíni í Leifsstöð um miðjan síðasta mánuð. Fíkniefnin fundust í farangri mannsins. Hann hefur áður komið við sögu lögreglunnar.

Samtökin '78 skora á innanríkisráðherra að endurskoða brottvísun Nígeríumannsins Martins:

Ráðherra veiti Martin landvistarleyfi

SAMFÉLAGSMÁL Samtökin '78 hafa sent áskorun til fráfarandi innanríkisráðherra Ögmundar Jónassonar vegna brottvísunar hælisleitandans Martins. Samtökin bættust þar með í hóp fjölda fólks sem að undanfögnu hefur þrýst á ráðherrann að grípa inn í og veita Martin landvistarleyfi.

Nígeríubúinn Martin sótti um hæli á Íslandi á grundvelli kynhneigðar sinnar. Hann flúði frá Nígeríu til Ítalíu vegna ofbeldis sem hann mátti sæta. Undanfarnir níu ár hefur hann dvalist á Ítalíu við bágbornar aðstæður. Verði Martin sendur aftur til Ítalíu á grundvelli Dyflinnarsamningsins eru allar líkur á að hann verði

sendur aftur til Nígeríu þar sem beiðni hans um hæli á Ítalíu hefur verið hafnað.

Samkvæmt Amnesty International eru aðstæður hinsegin fólks í Nígeríu mjög slæmar og hafa á undanfögnu árum farið versnandi. Þar hefur verið hert á löggjöf sem gerir samkynhneigð refsiverða og hinsegin fólk sætir gríðarlegum samfélagslegum fordómum. Samtökin biðla til ráðherra að veita Martin skjól þar sem líf hans sé í mikilli hættu í heimalandinu, ofsóknir á grundvelli kynhneigðar séu þar algengar og yfirvöld veita hinsegin fólk ekki vernd gegn slíku.

Ekki náðist í Ögmund Jónasson við vinnslu fréttarinnar.



FRÁ GAY PRIDE Amnesty segir aðstæður hinsegin fólks í Nígeríu mjög slæmar.

- mlþ

BIKINÍ-ÁSKORUN



Taktu áskorun og vertu í þínu allra besta formi í sumar. Vertu léttari á þér, léttari í lund, sterkari og flottari!

Innifalið í námskeiðinu:

- Þjálfun og mataræði tekið í gegn
- Sérhannað æfingakerfi sem miðar að því að komast úr stöðnun og tryggja að þú komist í þitt allra besta form
- Auka æfingaáætlun til að tryggja þátttakendum hámarksárangur
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum
- Dagleg hvatning, fróðleikur og aðgangur að uppskriftum frá Ágústu Johnson á lokuðu heimasvæði inni á www.hreyfing.is
- Sérstakt mataræði sem dregur úr sykurlöngun og stuðlar að því að þú nái varanlegu þyngdartapi
- Mælingar – vigtun og fitumælingar – fyrir og eftir
- Kvöldstund í Blue Lagoon spa

Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, tímasetningu, verð og skráningu finnur þú á www.hreyfing.is

HREYFING
HEILSULIND

BLUE LAGOON
ICELAND

Álfheimar 74
414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

Bann við helgidagaopnun vínþúða er tímaskekkja:

Valfrelsi með humrinum

Viðbrögð við ummælum Áslaugar Örne Sigurbjörnsdóttur, formanns Heimdallar, um bann við sunnudagaopnun vínþúða, hafa verið vægast sagt ófgakennð. Áslaug svaraði spurningu Fréttatímans og sagðist trú á að sjálfstæðismenn sæju til þess að fólk gæti keypt hvítvín með humrinum og rauðvín með steikinni þegar því hentaði.

Fyrir þessi ummæli var Heimdallarformanninum Áslaugu úthúðað á netinu og hún kölluð alls konar illum nöfnum, sem ekki eru hafandi eftir. Mikið af skítastinu fór reyndar fram í athugasemdakerfi DV, þar sem stundum virðast sett þau skilyrði fyrir þátttöku í umræðum að fólk kunni hvorki málfræði né stafsetningu, hafi hvorki til að bera almenna skynsemi né kurteisi og kunni alls ekki að skammast sín.



Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Með dónaskapnum stimplar fólk sig strax út úr vitrænni umræðu. En skoðum aðeins efni málsins. Mörgum fannst að það væri ekki forgangsmál að geta keypt áfengi á helgidögum; önnur brýnni verk biðu nýrrar ríkisstjórnar.

Það er rétt, en Áslaug var heldur ekki spurð hvort þetta væri forgangsmál. Alls konar góð mál eru ekki forgangsmál, þótt þau eigi skilið að komast í framkvæmd. Þetta er þannig mál; það myndi ekki kosta skattgreiðendur neitt að hafa vínþúðir opnar á sunnudögum og líkast til myndi ríkið græða á meiri viðskiptum.

Önnur rök eru þau að afnám bannsins myndi auka aðgengi að áfengi og það væri alveg viðalegt. Sú röksemd afhjúpar tvískinnunginn sem einkennir umræður um áfengismál á Íslandi. Aðgengi að áfengi hefur snaraukizt undanfarin ár; að hluta með fleiri vínþúðum sem hafa opið lengur, en þó miklu frekar með opnun hundraða vínveitingahúsa – sem eru vel að merkja líka opin á sunnudögum. Við þeirri þróun segir enginn neitt, enda er hún jákvæð og það eykur lífsgæði Íslendinga og gesta þeirra að geta keypt sér bjór eða vínfloksu með matnum á veitingastað. En þegar formaður Heimdallar stingur upp á því að fólk sem vill frekar elda heima hjá sér geti líka keypt vín með máltíðinni á sunnudegi verður allt vitlaust. Það er ekki heil brú í þessu.

Sjálfstæðismenn boða að bjór og léttvín verði selt í matvörubúðum – og þá væntanlega líka á sunnudögum. Auðvitað ætti að ganga lengra og leggja niður ríkisþúðir fyrir þessa einu vörutegund. Aðgengi að henni er hvort sem er almennt og víðtækt (nema á sunnudögum). Banni við sölu til unglunga má framfylgja með eftirliti og leyfisveitingum. Verðinu og tekjum ríkisins af sölninni má svo áfram stýra með skattlagningu. Þar hafa stjórnvöld reyndar gengið of langt síðustu ár, með þeim afleiðingum að landabrygg og smygl hefur stóruaukizt.

Leiðin til að sporna gegn áfengisbólinu er ekki að reyna að takmarka alla notkun á áfengi, heldur að berjast gegn misnotkun og ýta undir ábyrga vinnmenningu. Þeir sem vilja tryggja athafna- og valfrelsi almennings ættu að styðja Áslaugu Örne og félagi hennar í baráttunni gegn boðum, bönnum og ríkisforsjá. Þeir sem vilja berjast gegn áfengisbólinu ættu að kaupa álfinn og styrkja SÁÁ og önnur samtök sem vinna að forvörnum og hjálpa áfengisfíklum. Þetta eru engan veginn ósamrýmanleg markmið.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

allt að 35% afsláttur af árgerð 2012

Tilboð 49.995 kr.
Verð áður 75.995 kr.

WHEELER Pro 60
21 giru • állstell • dömu og herra

EVEREST

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 • Sími 533 4450 • www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓUSTU, FAGLEG RAÐGJÖF

WHEELER WORLDWIDE

VIÐGERÐAR OG VARAHLUTAÞJÓUSTU

FRÁ DEGI TIL DAGS

Formenn mynda ríkisstjórn

Valgerður Bjarnadóttir, þingamaður Samfylkingarinnar, og Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata, gagnrýnda í gær þá Bjarna Benediktsson og Sigmund Davíð Gunnlaugsson fyrir litla aðkomu þingflokka þeirra að stjórnarmyndunarviðræðum. Gagnrýni þingkvennanna ber vitskuld að skoða í ljósi flokkslína en punktur þeirra er samt sem áður forvitnilegur. Það er nefnilega ansi mikið undir í stjórnarmyndunarviðræðum. Þar eru stóru línurnar í málefnapakka ríkisstjórnar lagðar og séu gefin fyrirheit í stjórnarsáttmála þá er pólitískt mjög erfitt fyrir viðkomandi ríkisstjórn að standa ekki við fyrirheitin.



Aðföng fylgi umboði

Það má því velta fyrir sér hvort ekki sé ástæða til þess að auka örlítið fagmennsku við stjórnarmyndun. Hefðin síðustu kjörtímabil hefur verið sú að flokksformenn semji um stóru málin með aðkomu örfárra annarra. Það er hins vegar vel hægt að ímynda sér fagmannlegra ferli. Þannig gætu stjórnarmyndunarumboði fylgt ákveðin aðföng sem hægt væri að nýta við stjórnarmyndunina. Til dæmis væri hægt að fá embættismenn stjórnkerfisins í greiningarvinnu.



Villistrákastjórnin?

Annars virðast Bjarni og Sigmundur Davíð vera mjög rólegir í tíðinni við stjórnarmyndunina. Fáar fréttir bárust af framvindunni um helgina og segja má að það sem hafi vakið mesta athygli hafi verið viðtal Sigga Hlö við þá félagi á Bylgjunni á laugardag. Það Siggí þá um óskagalag og varð úr að beðið var um Duran Duran-slagarann Wild Boys. Leitin að nafni á væntanlega ríkisstjórn stendur enn yfir og þetta lagaval hlýtur að hafa búið til einn möguleikann enn: villistrákastjórnin. magnusl@frettabladid.is

HALLDÓR



Lengri vinnudag?



Sigríður Ingibjörg Ingadóttir þingkona Samfylkingarinnar

Nú standa yfir stjórnarmyndunarviðræður Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Formennirnir hafa aðallega rætt um efnahagsmál og stöðu ríkissjóðs sem eðlilegt er. Efnislega fékkst þó lítið upp úr þeim nema að þeir eru sammála um að einfalda skattkerfið og Bjarni Benediktsson vísar í áherslu flokksins um lækkun skatta til að auka ráðstöfunartekjur heimilanna. Fram hefur komið að formennirnir leggja áherslu á einföldun á kerfinu og jákvæða hvata.

Hvað eiga formennirnir við? Atvinnuþátttaka var mest á Íslandi árið 2011 af OECD-ríkjunum, eða tæp 80%. Það ár unnum við Íslendingar líka flestar vinnustundir á ári miðað við hinar Norðurlandþjóðirnar og erum rétt undir meðaltali OECD-ríkjanna. Við eignuðumst líka flest börn Evrópuþjóða, að Írum einum undanskildum. Þá hefur komið fram í skýrslu McKinsey um vaxtarmöguleika á Íslandi að framleiðni er minni hér en annars staðar á Norðurlöndunum. Í fróðlegri rannsókn ASÍ um lífskjör á Norðurlöndunum kemur fram að „Íslendingar þurfi að vinna meira en aðrir Norðurlandabúar til að afla álíkra efnahagslegra lífskjara ... og hafi þar af leiðandi lakari lífskjör þar sem frítími er styttri“. Í sömu rannsókn kemur einnig fram að skattbyrði hér á landi er

→ Getur verið að formennirnir vilji að fólk vinni meira og auki þannig ráðstöfunartekjur sínar? Í því sambandi er rétt að minna á að BSRB hefur ályktað um mikilvægi þess að stytta vinnuvikuna í 36 stundir.

mun lægri en í Danmörku og Svíþjóð og heldur hærri en í Noregi. Þegar litið er til tekna upp að rúmlega 300.000 krónum á mánuði er skattbyrðin langlægst hér á landi.

Getur verið að formennirnir vilji að fólk vinni meira og auki þannig ráðstöfunartekjur sínar? Í því sambandi er rétt að minna á að BSRB hefur ályktað um mikilvægi þess að stytta vinnuvikuna í 36 stundir. Það er eðlileg krafa í landi þar sem atvinnuþátttaka kvenna og karla er mikil, vinnutími langur og fjölskyldur barnmargar.

Samfylkingin hefur lagt áherslu á að efla verðmætaskapandi atvinnugreinar og auka framleiðni í íslensku atvinnulífi. Ég vona að formennirnir tveir velji að halda áfram á þeirri braut í stað þess að skapa „jákvæða hvata“ til lengri vinnudags.

Lækningar fremur en refsingar

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Eiturlyf. Sjálft orðið er hlaðið sprengikrafti: 'eitur' er það sem skaðar okkur en 'lyf' er það sem bætir líðan okkar til líkama og sálar. Annað orðið vísar til eyðingar, hitt til lækninga.

Eiturlyfin lækna náttúrlega ekki neitt. Þau eru ávísun á svikareynslu; þau veita stundarfró, óvissuferð inn í hugann, ranghugmyndir. En sjálft orðið endurspeglar þversagnakennda afstöðu samfélagsins til þessara efna sem eiga það sammerkt að skekkja skynjun fólks á sig og umhverfið og stytta því leiðina að tilteknum boðefnum heilans sem annars eru frátekin fyrir heilbrigðari iðju: líkamsáreynslu, kynlíf og hugleiðslu. Fjöldi manns notar hins vegar eiturlyf – hass, spítt, kókaín, gras, sýru, að ógleymdu öllu læknaðopinum – að misjafnlega miklum staðaldri, menning okkar er gegnsýrð boðum og upplifunum sem misaugljóslega vísa í vímu eiturlyfjanna; og stundum grunar manni að ýmslegt í aðdraganda hrunsins megi rekja til ótæpilegrar notkunar á örvandi efnum sem fylltu menn af bjartsýni og dug, nokkuð umfram tilefni. Góðærið var ein allsherjar ranghugmynd.

Að missa af sjálfum sér

Ekki þarf að fara mörgum orðum um þær hörmungar sem af neyslu eiturlyfja hljóttast, bæði fyrir þau sem þeim ánetjast og ástvinum. Þau leggja líf fólks í rúst. Hitt er vissulega líka til að fólk noti slík efni endrum og sinnum til að gera sér dagamun; en það hættir þá líka á að gjalda upplifunina dýru verði, eftirköst vímunnar geta orðið þunglyndi og stæk grámakennd; boðefnahirslur heilans eru tómar.

Eiturlyf eru ógæðsleg. Sá sem notar þau fer illa að ráði sínu. En er það rétta leiðin í baráttunni við þau að gera það að glæp að hafa þau undir höndum og setja fólk í fangelsi fyrir? Er ekki réttara að líta á þau sem ánetjast hafa eiturlyfjum sem sjúklinga en glæpamenn? Eiturlyfin eru umlukin áru bannhelgi og hins forboðna, sem gerir þau í vissum skilningi eftirsóknarverð fyrir þau sem vilja hafna þeim veruleika sem þeim er búinn. En eiturlyf eru ekki spennandi og djúp. Þau eru bjánaleg, grunn og niðurlægjandi.

Þau sem nota eiturlyf að staðaldri – eru alltaf skökk – dæma sjálf sig úr leik og þarf ekki dómstóla til. Það er ef til vill hægt að ímynda sér úturreyktan þjónustufulltrúa í banka, spíttaðan tannlækni, kókaðan flugmann, sýruhaus á fundi húsfélagsins um litinn á þakinu – og svo framvegis – en helst vildi maður vera laus við að slíkt fólk verði á vegi manns þannig á sig komið og hætt við að það endist ekki lengi í vinnu eða yfirleitt daglegu lífi eins og við skiljum það. Það fer ekki saman við daglegt líf að nota eiturlyf reglulega; maður er ekki með sjálfum sér – maður missir af lífinu. Sumpart gilda sömu lögmál um

Þau sem nota eiturlyf að staðaldri – eru alltaf skökk – dæma sig sjálf úr leik og þarf ekki dómstóla til.

þetta og áfengið, hið viðurkennda og vottaða vímuefni okkar daga, sem hefur reyndar þann meginkost að maður sér á augabragði þegar fólk hefur neytt þess í óhöfi. En þó að einhver mæti fullur á leiksýningu eða í sund setjum við viðkomandi ekki í fangelsi – við reynum að leiða honum fyrir sjónir að nú sé komið í óefni og hann þurfi að leita sér hjálpar, hafi viðkomandi á annað borð áhuga á því að upplifa lífið með óbrjáluðum sönsum.

Gildi fræðslu

Reykingar drepa. Þeim fylgir andstyggileg stybba og fólk sem ánetjast hefur langvarandi tóbaksreykingum er líklegt til að kafna fyrr eða síðar – þ.e.a.s. deyja úr lungnasjúkdómum. Myndi einhver kveikja sér í sigarettu í miðri röð í Landsbankanum – eins og tíðkaðist á þeim árum þegar ég var ungur og kekk og alltaf fyrstur út á gólfíð – yrði viðkomandi snarlega látinn drepa í eða rekinn á dyr með sína fúlu brælu og ömurlegu manna-siði. Það var mikið framfaraskref þegar reykingar voru bannaðar í opinberu rými. En þurfum við nokkuð að setja fólk í fangelsi fyrir það að reykja?

Náðst hefur undraverður árangur á undanförunum árum í því að leiða unglíngum fyrir sjónir hvílikt skaðræði reykingar eru og í kjölfarið hefur tekist að draga stórkostlega úr unglíngadrykkju sem um árabíl virtist einhvers konar þjóðfélagslögmál hér á landi. Í framhaldi af því virðist einnig hafa dregið úr fíkti við marijúanareykingar, þrátt fyrir markvissa markaðssetningu á því hættulega efni. Þessi mikla viðhorfsbreyting hefur náðst með samtali, fræðslu og umhyggju.

Í þessum efnum eins og ýmsum öðrum eru Bandaríkin víti til varnaðar. Þar blés Nixon forseti til stríðsins gegn eiturlyfjum á sínum tíma en hann gerði sér þó grein fyrir því að eiturlyfjanotkunin var birtingarmynd á vanda en ekki sjálf rötin. Síðan hefur sigið á ógæfuhliðina þar í landi og til orðið baneitruð blanda af refsilosta, rasisma og einkavæðingu á fangelsiskerfinu, þar sem það er hreinlega afkomuspursmál fyrir fjölda manns að geta fyllt fangelsi af fátæku og umkomuláusu fólki og lögreglumenn á prósentum hundelta vesæla fíkla. Allir játa að sjálf stríðið gegn eiturlyfjum sé löngu tapað.

Hvað er maðurinn eiginlega að tala um? Að sala eiturlyfja verði gefin frjáls? Að það verði sérstök eiturlyfjateild í stórmörkuðum – kannski með fæðubótarefnum? Að sérstök reykiból verði opnuð í stíl við óþímudýngjur í byrjun 20. aldar? Ekki kannski beinlínis: fremur hitt að við lítum ekki á það endilega sem úrlausnarefni dómskerfisins að kljást við þennan vanda heldur fremur heilbrigðiskerfisins og skólanna, með fræðslu og umhyggju að leiðarljósi fremur en heift og refsigleði.

30% afsláttur á Gabriel höggdeyfum

Í verslun okkar að
Tangarhöfða 2,
Reykjavík



Gabriel

SINCE 1907



Framúrskarandi
fyrirtæki 2012

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

20 ára afmæli

20 - 60% afsláttur af öllum húsgögnum



Buffer
Tilboð 46.900,-
Fullt verð 93.800,-

Tilboð

Sjónvarpsskápar
Tilboð 19.900,-
Fullt verð 39.800,-




Tilboð

Tilboð 29.900,-
Fullt verð 39.900,-



Fókus
Tilboð 24.900,-
Fullt verð 49.800,-

Tilboð




Buffer
Tilboð 24.900,-
Fullt verð 49.800,-



Tilboð 18.800,-
Fullt verð 28.900,-



Skóskápur
Tilboð 6.900,-
Fullt verð 13.800,-



Naia
Tilboð 11.500,-
Fullt verð 23.000,-

Hirzlan

Smiðsbúð 6, 210 Garðabæ, Sími 564 5040
www.hirzlan.is

Vissir þú að...

Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Samfylkingin og staða leigjenda

Fyrir kosningar rigndi inn blaðgreinum frá frambjóðendum þar sem ágæti framboðs var tíundað. Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi og frambjóðandi Samfylkingarinnar, fékk eina slíka birta í Fréttablaðinu 25. apríl sl. Þar sagði hún það vera eitt helsta kosningamál Samfylkingarinnar að bæta stöðu leigjenda.

Björk hreykir sér af húsnæðisstefnu sem þó er ekki tilbúin og segir þann árangur sem Samfylkingin náði á síðasta kjörtímabili hvað leigumálin varðar felast í því að tekju-skerðingar vegna húsaleigubóta séu minni en áður og húsaleigubætur hækki tvisvar á þessu ári. Staðreyndin er hins vegar sú að staða þeirra leigjenda sem verst eru staddir fjárhagslega fer versnandi og þar bera Björk Vilhelmsdóttir, formaður velferðarráðs, og félagar hennar í Samfylkingunni talsverða ábyrgð.

Almennar húsaleigubætur

Það er að vísu rétt að þeim

HÚSNÆÐI



Þorleifur Gunnlaugsson varaborgarfulltrúi og situr í velferðarráði

hefur fjölgað sem fá almennar húsaleigubætur en greiðslubyrði af leigu þeirra hefur hins vegar aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Hækkun almennra húsaleigubóta 1. janúar sl. nam 1.700 kr. til þeirra sem höfðu fullan rétt. Þann sama dag hækkaði 150.000 kr. leiga Félagsbústaða, samkvæmt vísitölu um 2.040 kr. Bæturnar hækka svo aftur 1. júlí um 2.300 kr., þannig að samanlögð hækkun bótanna nemur 4.000 kr. á árinu. Strax 1. apríl sl. hafði sama leiga hækkað um 4.950 kr. Húsaleiguhækkun fyrstu þrjú mánuði ársins er því þegar búin að éta upp hækkun húsaleigubóta og vel það. Að öðru leyti hafa húsaleigubætur ekki hækkað síðan í apríl árið 2008 en húsaleiga Félagsbústaða hefur hækkað samkvæmt neysluvísitölu um rúm 40%.

Sérstakar húsaleigubætur

Félagslegar leiguíbúðir og sérstakar húsaleigubætur eru ætlaðar þeim fjölskyldum og einstak-

lingum sem ekki eru á annan hátt færar um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungar framfærslubyrðar og annarra félagslegra erfiðleika. Sérstakar húsaleigubætur eru á ábyrgð sveitarfélaga og eru reiknaðar sem hlutfall af almennum bótum. Fram að síðustu áramótum var þetta þannig að hlutaðeigandi fékk 1.300 kr. í sérstakar húsaleigubætur fyrir hverjar 1.000 kr. sem hann fékk í almennar bætur. Meirihlutinn í Reykjavík sá ekki sóma sinn í að fylgja hækkun ríkisins og lækkaði því hlutfall sérstöku bótanna. Þetta var gert, þrátt fyrir að greiðslubyrði borgarinnar af húsnæði fyrir fátækt fólk fari stöðugt lækandi.

Pakið

Þessu til viðbótar neitar meirihlutinn í Reykjavík, með Björk Vilhelmsdóttur í fararbroddi, að afnema þak eða hámark sem sett var á húsaleigubætur árið 2008 og stendur enn í sömu krónutölu. Samkvæmt upplýsingum frá Velferðarsviði verður þakið til þess að húsaleigubætur til allra einstæðra foreldra með fullan rétt

skerðast og þar munar jafnvel tugum þúsunda á mánuði. Það má jafnframt geta þess að ekki var tekið tillit til barnafjölskyldna þegar húsaleigubætur voru hækkaðar nú eins og hefð hefur verið fyrir og húsaleigubótahækkunin nú er því fyrst og fremst í þágu þeirra tekjuhærri og barnlausu.

Félagslegt leiguhúsnæði

Þörfin fyrir félagslegt leiguhúsnæði fer stöðugt vaxandi. Þeir sem eiga skilgreindan rétt til þess í Reykjavík geta farið á biðlista eftir íbúðum Félagsbústaða. Reykjavíkurborg, eitt sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, hefur skert tekjumörk skjólstæðinga sinna umtalsvert, þannig að færri eru á biðlistum en ella og borgin er í hópi þeirra sveitarfélaga sem gera ströngustu kröfurnar um búsetu áður en íbúar fá að koma á biðlista eða þrjú ár (allt niður í eitt ár víða annars staðar). Samt sem áður er beðið eftir 782 íbúðum og umsóknum hefur stöðugt fjölgað frá árinu 2010.

Verkamannabústaðakerfið tók við tekjulægsta fólkinu en

→ Aukin greiðslubyrði leigu samfara raunlækkun húsaleigubóta hefur stórlega skert lífsgæði tekjulægstu íbúanna og þá sér í lagi einstæðra foreldra.

þegar það var aflagt árið 1999 setti borgin sér það markmið, til að eyða biðlistum, að kaupa 100 íbúðir á ári og það sama var uppi á teningnum 2006 en þessar fyrirætlanir runnu báðar fljótleiga út í sandinn. Núverandi meirihluti í Reykjavík hefur engar áætlanir um að eyða biðlistum.

Aukin greiðslubyrði leigu samfara raunlækkun húsaleigubóta hefur stórlega skert lífsgæði tekjulægstu íbúanna og þá sér í lagi einstæðra foreldra. Björk Vilhelmsdóttir, sem bæði er formaður velferðarráðs og á sæti í starfshópi velferðarráðherra um húsnæðisbætur, og flokkur hennar, sem farið hefur með þessi mál bæði hjá ríki og borg, ættu að fara varlega í að hreykja sér af bættri stöðu leigjenda.

- 1938 2013 -

ÓÐ/UR Í RÓÐUR?

Sjómanna dagurinn á 75 ára afmæli sunnudaginn 2. júní
Af því tilefni bjóðum við til róðrarkeppni fyrir þá sem vilja sanna sig á sjónum.
Stígum upp úr róðravélunum í líkamsræktinni og gripum í árarinnar niðri á höfn.

Hvetjum allar tegundir vina- og vinnuhópa til að spreyta sig
Fjölskyldur, lögreglumenn, kórar, félagsamtök, leshringir, slökkviliðsmenn,
saumaklúbbar, bekkjarfélagar, mömmuklúbbar og allir aðrir hópar.

SJÖ Í LIÐI
SEX UNDIR ÁRUM OG EINN LIÐSSTJÓRI
LÉTTU ÞÍNU LIÐI RÓÐURINN

Skráðu þig á bergur@sjomenn.is

Að Hátíð hafsins í Reykjavík standa Faxalóahafnir og Sjómanna dagsráð

Faxalóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

Hafnar dagur



Sjómanna dagur

HÁTÍÐ
HAFSINS
1.-2. júní 2013
www.hatidhafins.is

TILBOÐSVERÐ TIL MAÍLOKA

ELDHÚSDAGAR Í ORMSSON



20%
afsláttur

af öllum HTH innréttingum í maí!

ELDHÚSIÐ ER HJARTA HEIMILISINS

HTH er metnaðarfullt danskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á innréttingum í eldhús og baðherbergi – auk fataskápa.

HTH er einn stærsti framleiðandi innréttinga í Evrópu, enda er dönsk hönnun og danskt handverk eftirsótt og mikils metið um heim allan.

Komdu og upplifðu af eigin raun þá snilld, þegar saman fer listræn sýn hönnuða, nákvæmar og framúrstefnulegar lausnir, framleiðsla sem stenst fyllilega allan samanburð og uppfyllir ströngustu gæða- og umhverfisstaðla.

Velkomin í ORMSSON LÁGMÚLA 8 og kynnist því nýjasta og flottasta í eldhúsinnréttingum frá HTH – og því heitasta í AEG eldhústækjum. Við hönnum án skuldbindinga fyrir þig tillögur að nýja draumaeldhúsinu þínu og gerum þér **frábært verðtilboð**.

20%
afsláttur af
hágæða AEG
eldhústækjum*

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

*með kaupum á HTH eldhúsinnréttingum

ORMSSON

- **Opið:** VIRKA DAGA FRÁ KL. 10-18
Sjá: ormsson.is/innrettingar/

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · 2. HÆÐ · SÍMI: 530-2819 & 530-2821



MERKISATBURÐIR

1776 Konungur gefur út tilskipun um póstferðir á Íslandi. Slíkar ferðir hófust þó ekki fyrr en 1782.

1830 Ekvador fær sjálfstæði.

1848 Þjóðsöngur Finna, Maamme, frumfluttur. Lagið er eftir Fredrik Pacius en textinn eftir Johan Ludvig Runeberg.

1966 Íslenska ríkið kaupir Skaftafell í Öræfum undir þjóðgarði og var hann opnaður tveimur árum síðar. Jörðin er einn hundraðasti af flatarmáli Íslands.


2000 Sprenging verður í flugeldaverksmiðju í borginni Enschede í Hollandi með þeim afleiðingum að 22 láta lífið og 950 særast.

Sópransöngkonur syngja óperuaríur

Íslenska óperan heldur sína næstsíðustu hádegistónleika á þessu starfsári í dag.

Þær Erla Björg Káradóttir og Hanna Þóra Guðbrandsdóttir syngja aríur og dúetta eftir Bellini, Puccini og fleiri á hádegistónleikum Íslensku óperunnar í dag. Píanóleikari er Antonía Hevesi.

Þessar tvær ungu sópransöngkonur hafa vakið athygli fyrir söng sinn á undanföllum misserum, bæði á vegum Íslensku óperunnar og utan hennar. Báðar hafa þær sungið á hádegistónleikum Óperunnar áður og hafa tekið þátt í sýningum Óperunnar, meðal annars La Bohème í fyrra. Þær hafa komið fram á ýmsum vettvangi. Erla Björg kemur reglulega fram með OP-hópnum, meðal annars söng hún titilhlutverk í sýningunni Systir Angelica eftir Puccini, sem sýnd var í Tjarnarbíói fyrir skömmu. Hanna Þóra söng í haust aðalkvenhlutverk í



ERLA BJÖRG KÁRADÓTTIR
Syngur á hádegistónleikum í dag.

í gamanóperunni La Serva Padrona eftir Pergolesi hjá Alþýðuóperunni auk þess sem hún söng hlutverk Inesar í Il Trovatore í haust hjá Íslensku óperunni. -sb

PETTA GERÐIST: 13. MAÍ 1981

Páfa sýnt banatilræði

Pennan dag árið 1981 reyndi Tyrkinn Mehmet Ali Agca að myrða Jóhannes Pál páfa II á Péturstorginu í Vatíkaninu. Agca skaut páfa, sem særðist illa.

Hann sat á torginu, beið eftir páfa og hóf skothríð þegar hann nálgast. Páfi særðist en nunnur og aðrir nærstaddir gripu Agca áður en hann náði að ljúka verkinu. Agca var handtekinn og sakfelldur fyrir glæp sinn í júlí árið 1981. Hann var fluttur til heimalands síns eftir að hafa afplánað tuttugu ára dóm á Ítalíu.

Agca, sem hafði áður verið í slagföngum við tyrknesku fasistahreyfinguna Gráú úlfana, sagðist hafa skipulagt morðið á páfa

ásamt landa sínum og tveimur Belgum. Fjölmíðlar birtu þó fréttir þess efnis að Agca hefði gert þetta fyrir Gráú úlfana, sem fengu þrjár milljónir marka fyrir.

Páfi bað fólk um að „fyrirgefa bróður mínum, sem ég hef svo sannarlega gert“. Árið 1983 hittust þeir og prýddu forsíðu tímaritsins Time. Páfi var líka í ágætu sambandi við fjölskyldu Agca og hitti móður hans árið 1987.

Agca var fluttur til Tyrklands eftir að hann hafði afplánað dóm sinn. Þar var hann fangelsaður á ný fyrir morð á vinstri sinnu ritstjóra sem var framið meira en tuttugu árum áður.



FUNI Bárú Grímsdóttir og Chris Foster ætla að ferðast um landið og halda tónleika áður en þau halda vestur um haf.

Funi skarar í glæður þjóðlagatónlistar

Þjóðlagadúettinn Funi heldur tónleika í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Þar flytja þau Bárú Grímsdóttir og Chris Foster lög af hljómdisknum Flúr sem kom út á dögunum. Síðar í sumar halda þau tónleika víðs vegar um landið áður en þau halda vestur yfir haf.

Logarnir í Funa

Bárú Grímsdóttir ólst upp við söng og kveðskap, heyrði og lærði allt frá barnæsku kveðskap foreldra sinna, afa og ömmu á bænum Grímsstungu í Vatnsdal. Bárú er af mörgum talin vera einn allra besta túlkandi þjóðlegrar tónlistar hér á landi, en hún hefur sérstakan áhuga á rímnastemmum og kvæðalögum. Hún hefur fengið við flutning á margs konar þjóðlagatónlist bæði hér heima og erlendis. Sem tónskáld og útsetjari hefur Bárú nýtt sér uppsprettulindir íslenskra þjóðlaga til skapandi starfs en hún hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar sem tónskáld.

Chris Foster kynntist þjóðlögum í uppvexti sínum í Somerset í Suðvestur-Englandi. Flutningur hans einkennist af mikilli og persónulegri innlifun í tónlistina, sem oft leiðir til þess að áheyrendur verða beinir þátttakendur í því sem fram fer og flutt er. Chris hefur sett þjóðlagahefðina í nútímalegan búning með sérstæðum, frumlegum gítarundirleik og sannfærandi söngtúlkun. Hann er talinn einn besti listamaður síðari tíma á sínu sviði og í fremstu röð merkra brautryðjenda í endurvakningu á breski þjóðlagatónlist.

en venjulegt er. Þá notast þau einnig við nýlegri hljóðfæri, svo sem kontrabassa og klarinet. Á tónleikunum í kvöld koma einnig fram Birgir Bragason kontrabassaleikari, Lárus Halldór Grímsson á klarinet, Andri Eyvindsson á saxófón og söngvararnir Hafsteinn Þórólfsson og Sólrún Lilja Pálsdóttir.

Það liggur ansi mikil vinna að baki Flúri en með disknum fylgir 32 síðna bæklingur. Spurð hvort nóg sé gert til að hlúa að þjóðlagarfinum segir Bárú að það mætti gjarnan vera meira.

„Þetta er ekki tónlist sem er spiluð mikið í útvarpi, nema helst á Gufunni. En áhuginn á þjóðlagatónlist hefur vissulega verið að glæðast á undan-

förnum árum. Það varð dálítið vitundarvakning þegar Steindór Andersen vann með Sigur Rós um árið.“

Bárú gerir ráð fyrir að sumarið fari í kynningu á disknum en þau Chris ætla að ferðast um landið og halda tónleika áður en þau halda vestur um haf, nánar tiltekið til Maryland í Bandaríkjunum.

„Við höfum spilað í útlöndum undanfarinn áratug, ýmist á hátíðum, á klúbbum eða jafnvel bara stofutónleikum. Ég er að fara að kenna íslenska þjóðlagatónlist á sumarnámskeiði í Maryland í sumar og þá notum við tækifærið og höldum tónleika.“

Tónleikar Funa í Gerðubergi hefjast klukkan 20. Hægt er að hlusta á www.funi-iceland.com. bergsteinn@frettabladid.is

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afa, langafi og langalangafi,

VALDIMAR AGNAR ÁSGEIRSSON
málari,
Norðurbúrún 1,

lést á Landspítalanum sunnudaginn 5. maí. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 16. maí klukkan 13.

Sigurborg Valdimarsdóttir
Ásgeir Valdimarsson
Kristján Gunnar Valdimarsson
Valdimar Agnar Valdimarsson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarn.

Jón Ólafsson
Hulda Jeremiasdóttir
Helga Rúna Péturs
barnabörn og barnabarnabarn.

Rúnar Geirmundsson

Sigurður Rúnarsson

Elís Rúnarsson

Þorbjörg Þórðardóttir

Allhiða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



EUROVISION-VIKAN

Eurovision-viknan er runnin upp. Annað kvöld verður fyrri hluti undankeppinnar sýndur en Eyþór Ingi treður upp í seinni riðli á fimmtudagskvöld. Hann verður númer átta í röðinni. Aðalkeppnin fer fram í Malmö Arena laugardaginn 18. maí.

SIMPSON


Byggingarvinklar og festingar.

Strong-Tie

BMF vinklar og festingar.

Skrúfur og naglar.

Boltalím og fl.



JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútuvegur 1h. Barkarvogsmegin.
104 Reykjavík S: 58 58 900. - www.jarngler.is

FINGRAMAT Í FORM

ÍSLENSK HÖNNUN Embla Sigurgeirsdóttir er einn nú nemenda sem útskrifast úr Mótun við Myndlistaskóla Reykjavíkur. Nemendur unnu verkin í samstarfi við finnska hönnunarfyrtækið Tonfisk.

Verkefnið var að hanna hlut til að bera fram fingramat í veislum. Ég velti fyrir mér hvernig það sem við berum fram er í laginu og tók kúluformið fyrir en oftast setjum við mat sem rúllar til og frá ofan í skál. Ég hannaði disk með kúlulaga holum sem hægt er að raða matnum í og leika þannig með liti og munstur," útskýrir Embla Sigurgeirsdóttir, einn nú nemenda Myndlistaskólans í Reykjavík sem nú ljúka tveggja ára námi í Mótun. Lokaverkin unnu þau í samvinnu við finnska hönnunarfyrtækið Tonfisk.

Eigandi Tonfisk, Brian Keaney, hitti nemendurna og lagði þeim línurnar

fyrir í vetur.

Hann kom einnig á lokayfirferð námskeiðsins og dæmdi verkin.

„Við erum ekki

búin að fá umsögnina en það gæti komið til þess að eitthvert verkanna yrði valið til framleiðslu hjá fyrirtækinu," útskýrir Embla. Hún segir þó ekki að samkeppni hafi ríkt í hópnum í vetur þrátt fyrir það.

„Nei, sem betur fer ekki. Við erum frekar þéttur hópur og efst í huga okkar var að vinna verkin fyrir okkur sjálf. En það var að ýmsu að huga. Hluturinn þurfti að vera framleiðsluhæfur og söluvænlegur svo hugmyndaflugið mátti ekki alveg fá lausan tauminn. Hluturinn mátti ekki vera of flókinn, heldur þurfti hann að vera eitthvað sem hugsanlegur viðskiptavinur tengdist og skildi. Ég endaði á að gera þrjá diska með mismunandi stórum holum. Sú minnsta fyrir ólífur og súkkulaðitrufflur og slíkt, millistærð sem gæti hentað undir tómata eða jarðarber og sú stærsta undir ávexti og grænmeti.“

Embla hafði lokið námi á hönnunar-



sviði við lðnskólann í Hafnarfirði og í Tækniskólanum þegar hún skellti sér í Myndlistaskólann í Reykjavík. Hún segist ekki sjá eftir þeirri ákvörðun og stefnir á eins árs framhaldsnám í Englandi.

„Við erum fimm úr hópnum sem förum til Englands og tveir til Danmerkur. Hver veit nema við störfum saman í framtíðinni. Þetta verður spennandi ævintýri.“

■ heida@365.is

KÚLULAGA FINGRAMATUR Embla Sigurgeirsdóttir hannaði postulínsdiska undir kúlulaga fingramat. Hún er einn útskriftarnema úr Myndlistaskólanum í Reykjavík sem sýndu lokaverk sín í Þjóðmenningarhúsinu. MYND/VILHELM


Er vagninn rafmagnslaus?



Frístunda rafgeymar í miklu úrvali

TUDOR SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is



Reverie

Vönduð stillanleg heilsurúm. Fyrsta sending seldist strax upp!

12 mán. vaxtalauser greiðslur*

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

Finndu muninn!

*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

MIKIÐ ÚRVAL AF STILLANLEGUM HEILSURÚMUM OG SVEFNSÓFUM MEÐ VÖNDUÐUM DÝNUM Á VERÐI SEM KEMUR Á ÓVART!



Ný sending

Mikið úrval af senguverasettum Verð frá kr. 9.900.-

Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Ópið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaál - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

LÁG KOLVETNA

DESERT 390 kr
4.9g net carb

Culiacan
Suðurlandsbraut 4a
533 1033 www.culiacan.is
Culiacan HollurogGöbur

LÆKNIRINN SEM BREYTTIST Í KOKK

MATREIÐSLUBÓK Einn vinsælasti matarbloggari landsins gefur út fyrstu matreiðslubókina sína síðar á árinu. Frönsk og ítölsk áhrif verða ráðandi í henni.

Einn vinsælasti og elsti matarbloggari landsins undanfarin ár, Ragnar Freyr Ingvarsson, undirbýr nú útgáfu fyrstu matreiðslubókar sinnar sem kemur út síðar á árinu. Ragnar hefur haldið úti matarbloggi í sjö ár við miklar vinsældir og þegar bókaútgáfan Sögur fékk ábendingu um að sniðugt gæti verið að gefa út matreiðslubók eftir hann fór boltinn að rúlla. Ragnar segir bókina innihalda vinsælustu uppskriftirnar af blogginu sínu ásamt fjölda nýrra uppskrifta sem hann hefur unnið að síðasta hálfu árið og hafa ekki birst áður. „Ég mun alltaf notast við besta hráefni hverju sinni og allir réttirnir verða eldaðir frá grunni eins og ég geri alltaf þegar ég er að matbúa. Það er mikið um frönsk og ítölsk áhrif í réttunum mínum en ég heillast mikið af matarhefð þessara landa. Einnig má finna einstaka þræði frá Norður-Afríku og jafnvel Taílandi.“

Ragnar heldur úti matarbloggi á tveimur stöðum, á Eyjunni og á slóðinni laeknirinnieldhusinu.com. Auk þess má finna hann á Facebook undir The Doctor in the Kitchen. Til samans fá þessar síður um 80.000 heimsóknir í hverjum mánuði. „Núna er auðug flóra af íslenskum matarbloggum þar sem fólk getur sótt innblástur og fengið nýjar hugmyndir. Netið býður upp á að „óhefðbundið“ fólk hasli sér völl þar sem engan hefði grunað að það ætti nokkurt erindi. Hvern hefði annars grunað að gigtarlæknir ætti að geta gert nokkuð af viti í eldhúsinu nema fyrir tilvist internetsins!“

Ragnar og fjölskylda hafa verið búsett í Lundi í Svíþjóð undanfarin ár þar sem hann starfar sem læknir auk þess að stunda doktorsnám. Mestallur frítími hans fer í að sinna fjölskyldunni



MATREIÐSLUBÓK VÆNTANLEG

Ragnar Freyr gefur út sína fyrstu matreiðslubók síðar á árinu. Hún mun innihalda vinsælustu uppskriftirnar af blogginu auk nýrra uppskrifta. MYND/ÚR EINKASAFNI



LÆKNIR Í ELDHÚSINU
Ragnar Freyr Ingvarsson, læknir og matarbloggari. MYND/ÚR EINKASAFNI

en auk þess stundar hann skvass af kappi. „Þegar maður hefur jafn mikinn áhuga á mat eins og ég er nauðsynlegt að stunda íþrótt þar sem maður brennir miklu, jafnvel lífsnauðsynlegt. Því stunda ég skvass nokkrum sinnum í viku.“

LEIÐSÖGUNÁM

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá, sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim, sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland. Stuðst er við námskrá menntamálaráðuneytisins um viðurkennt leiðsögunám.

Helstu námsgreinar:

- Helstu viðkomustaðir ferðamanna í máli og myndum.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Mannleg samskipti.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum. Boðið er uppá dag- og kvöldnám, auk þess sem farið er í vettvangsferðir.

Umsögn:
„Síðasta haust hóf ég leiðsögunám við Ferðamálastólaskóla Íslands. Námið fór fram úr mínum björtustu vonum. Ég hef ferðast mikið um landið frá barnsaldri, en þrátt fyrir það ódlaðist ég nýja sýn á landið í skólanum. Námið er hnitmiðað og að auki mjög skemmtilegt, reyndar svo skemmtilegt að ég vil helst fá framhaldsnám. Þetta nám kemur mér að miklu gagni í starfi mínu sem kennari og vonandi sem leiðsögumaður í framtíðinni.“

Martha Jensdóttir kennari.

Opið 8-22

Ferðamálastólaskóli Íslands
Ferðamálastólaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

SCAN domestic VERSLUNARTÆKNI 13

Kæli- og frystitæki

KK 420
B: 615 D: 590 H: 1945
- 350 L innanmál -
Kæling +2/+10°C - 8
hillur - Læsing

109.000,-

KK 415
B: 606 D: 575 H: 1980 -
360 L innanmál - Kæling
+2/+10°C - 8 hillur -
Læsing

99.000,-

Frystir
2 stærðir

149.000,-

XS 600 Stærð (bxdxh)
1475x837x757mm Kæling -12/ -24°C

Kælar
h:85 cm

69.000,-

SC 139 St. (hxbxd)
865x555x520mm
Kæling +2/ +10°C

89.000,-

SC 209 St. (hxbxd)
865x865x520mm
Kæling +2/ +10°C

Kælar

99.000,-

RTC 235 St (hxbxd)
1695x515x485mm
Kæling +2/+12°C

149.000,-

RTC 285 St (hxbxd)
1895x515x485mm
Kæling +2/+12°C

Frystir

79.000,-

SD 155 Stærð (bxdxh)
564x695x905mm Kæling
-12/ -22°C

99.000,-

SD 305 Stærð (bxdxh)
950x695x905mm
Kæling -12/ -22°C

kistumar koma ómerkta

229.000,-

KF 870 H: 2110 B: 660 D: 1663
Kæling -12/-22°C - 8 hillur - Læsing

Draghálsti 4 - 110 Reykjavík
Sími: 535 1300 - Fax: 535 1305 - verslun@verslun.is

Pöntunarsími: 535 1300

Síðu heimasíðuna www.verslun.is

MEÐ ÖMMU OG AFA

Börnum er dýrmætt að eiga einka-stundir með afa og ömmu. Þar mættir þeim lífsreynsla, umburðarlyndi og skilningur og börnin eru umvafin kærleika og hlýju. Afi og amma hafa svo vitaskuld leyfi til að dekra við barnabörnin og hér gefast fáeinir hugmyndir að skemmtilegum dögum með afa og ömmu:



DÝRMÆT VINÁTTA Samvera með afa og ömmu er gefandi.

- Á regndögum snemmsumars er indælt að fara í labbitúr og upplifa náttúruna með börnunum, sjá gróðurinn taka við sér, skoða ánamaðka á ferðalagi sínu eða blóm stinga upp kollinum. Þá er ómetanlegt fyrir börnin að fá kennslu ömmu og afa í því hvaða fugl á hvaða fuglasöng.
- Til að spilla börnum með svolitlu sætindaáti er upplagt að efna til fjársjóðsleitar í húsinu og garðinum hjá ömmu og afa. Felið sleikibrjóstsykur, súkkulaði og karamellur á vel völdum stöðum, látið börnunum í té ílát og skellið ykkur í leit að sælgætningum með börnunum.
- Ömmur og afar eiga hjartfólgna mætingar um eftirlætisbímynd barnanna sinna. Því gæti verið gaman að rifja upp gamla daga og horfa á myndina með barnabörnunum um leið og maulað er heimalagað poppkorn.
- Börn geta dundað sér lengi með nýja límmiða eða myndasögublað og skemmtilegur leiðangur að fara með þeim í bókabúð til að velja óvæntan glaðning eða hafa hann tilbúinn þegar þau koma í ömmu- og afahús.
- Margar ömmur og afar stunda gólf sér til skemmtunar og tilvalið að taka stuttan golfhring með barnabörnunum, leyfa þeim að slá golfkúlur og skemmta sér við að hitta í holu.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is**, s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is**, s. 512-5427

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson
Löggiltur
fasteignasali
Sími 897 8266



Sigurður Samúelsson
Löggiltur
fasteignasali
Sími 896 2312



Sveinn Eyland
Löggiltur
fasteignasali
Sími 690 0820



Íris Hall
Löggiltur
fasteignasali



Þórarinn Thorarensen
Sölustjóri
Sími 770 0309



Kristberg Snjólfsen
Sölufulltrúi
Sími 892 1931



Eggert Mariuson
Sölufulltrúi
Sími 690 1472



Haraldur Ómarsson
Sölufulltrúi
sími 845 8286



Sigurður Fannar Guðmundsson
Sölufulltrúi
Sími 897 5930

100% þjónusta = árangur*

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaðþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!



www.fasteignasalan.is

Viltu selja?

Vegna mikillar sölu vantar mig 2ja og 3ja herbergja íbúðir í hverfum 101 og 105 Reykjavík. Ákveðnir kaupendur bíða eftir réttu eigninni.

Talaðu endilega við Auði í síma 824-7772 eða audur@fasteignasalan.is

Sími 824 7772



Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi

audur@fasteignasalan.is Auður Kristinsdóttir

Einstaklega glæsilegt hús

Miklaborg kynnir: Einstaklega glæsilegt og vel skipulagt 256 fm. einbýlishús á vinsælum stað í Kórahverfinu. OPIÐ HÚS AÐ GNITAKÓR 3, 14. maí frá kl. 17-18.

Húsið er teiknað af Vektor og sá Oddgeir Þórðarson, arkitekt hjá Go-Form, um alla innanhússhönnun. Innréttingar eru sérsmíðaðar. Lýsing hönnuð af Lumex. Garðurinn hannaður af Ólafi Melsted landslagsarkitekt.

Aðalhæðin skiptist í anddyri, gestasnyrtingu, hol, eldhús og tvær stofur. Neðri hæðin skiptist í sjónvarpshol, þrjú barnaherbergi, hjónaherbergi með fataherbergi og baðherbergi. Baðherbergi að auki og þvottaherbergi með geymslu. Möguleiki er að bæta við fjórða barnaherberginu.

Anddyrið er bjart, með mikilli lofthæð, góðri innfeldri lýsingu og rúmgóðum fataskáp. Gestasnyrting með vönduðum flísum. Góðir efri skápar fyrir ofan handlaug með speglum og hillu á milli.



Opið hús verður í Gnitakór 3 á morgun á milli klukkan 17-18.

Úr anddyri er innangengt í bílskúr sem er flísalagður og með rafmagnshurðaropnara. Einnig er innangengt í bílskúr frá innkeyrslu að utanverðu.

Úr forstofu er komið inn í alrými þar sem lofthæð er mikil og þaðan er opið inn í eldhús og stofur. Eldhúsið er sérhannað og með innfeldri lýsingu og hljóðkerfi. Innréttingin er úr hnotu að hluta og sprautulökkuð hvít að hluta. Stór

eyja á milli skápa úr hnotu með borðplötu úr hvítum steini frá Stein-smiðju S. Helgasonar. Milli eldhúss og borðstofu er skilrúm með tengingu fyrir sjónvarpsskjá og hljóðkerfi. Úr borðstofu er hægt að ganga út á stórar svalir með víðáttumiklu útsýni. Stofan er rúmgóð, opið rými þaðan sem hægt er að horfa inn í borðstofu og eldhús.

Bókið skoðun hjá Jórinni í síma 845-8958 eða jorunn@miklaborg.is



FRÍTT VERÐMAT
HRINGDU NÚNA

820 8081

Sylvía G. Walthersdóttir
sylvia@remax.is

Haukur Halldórsson, hdl.
Löggiltur fasteignasali

RE/MAX ALPHA • SKEIFUNNI 17 • 108 REYKJAVÍK • WWW.REMAX.IS

heimili

FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson
Lögg. fasteignasali



Finnboði Hilmarsson
Lögg. fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson
Lögg. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson
Sölufulltrúi



Erla Dröfn Magnúsdóttir
Lögræðingur



Ruth Einarsson
Sölufulltrúi



Ásdís Irena Sigurðardóttir
Skjalagerð

Finndu okkur á Facebook 

Boðáping - 55 ára og eldri



Vandað 34 íbúða fjölbýlishús á 5 hæðum fyrir 55 ára og eldri. Flestar íbúðir með staði í bílskýli. Húsið er á reit sem Húsvirki hf. og Hrafniasta DAS fengu útlutað til skipulagningar fyrir almennar íbúðir, þjónustuíbúðir, hjúkrunarheimili og þjónustumiðstöð aldraða. Bjartar, vel skipulagðar og vandlega innréttaðar 2ja herbergja íbúðir.



Hólabraut 9 - 4ra herb. - Opið hús.
Góð og vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á jarðhæð í litlu fjölbýlishúsi í Hafnarfirði. Stutt í barna- og leikskóla ásamt verslun og þjónustu. V. 18,0 m Áhv 14,5 m. **OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 14. MAÍ KL 17:30 - 18:00**



Kvísalatunga - í byggingu
Vel skipulagt 240,2 fm staðsteyptr radhús á tveimur hæðum með innbyggðum 26,1 fm bílskúr. Mikil loft og margir notkunnarmöguleikar. Húsið er rúmlega tilbúið til innréttinga. Hagstætt verð 36 m.



Breiðaharv - nýjar sérhæðir.
Í einkasölu vandaðar sérhæðir í fjörbýlishúsi. Allar íbúðir með bílskúr, sérinnngangi og sérólpalli. Afhentar fullbúnar án gólfena. Í hverri íbúð eru þrjú herb. og tvær stofur. Stærð 186 fm - 205 fm. Möguleiki að hanna sitt eigið! V. 52,0 - 58,0 m.



Grandavegur - 2ja herb
Góð 2ja herb. íbúð á jarðhæð með stórum sólpalli. Eignin skiptist í forstofu, eldhús, baðherbergi, hjónaherbergi og bjarta og rúmgóða stofu. Íbúðin var mikið endurnýjuð 2008. V.23,9m



Súlunes - Rúmgóð sérhæð
Rúmlega 200 fm efri sérhæð með bílskúr á Arnarnesinu í Garðabæ. Fjögur rúmgóð herbergi og 2-3 stofur. Parket á gólfum. Tvö fullbún baðherbergi. Glæsilegur aflokaður garður með stórum sólpöllum og heitum potti. Góð kaup!



Digranesvegur - Sérhæð
Góð 140 fm sérhæð í nýlegu húsi byggðu 1993. Stórar bjartar stofur með fallegu útsýni. Möguleiki á 5 svefnherbergjum. Vandað eldhús og rúmgott baðherbergi. Getur verið laus fljótlega. V. 37 m.



Bústaðarvegur - Neðri sérhæð
Vel skíulögð 85 fm, 3ja - 4ra herb neðri sérhæð. Þrjú svefnherbergi, nýtt baðherbergi og nýleg eldhús. Góður bakgarður og sólpallur. V. 25,5m.



Eyrarskógur - sumarhús
Fallegur og velviðhaldinn 47 fm sumarbústaður ásamt geymsluhúsi í kjarrvöxnu umhverfi með útsýni yfir Eyrarvatn og Vatnaskóg. Sólpallur umlykur húsið á þrjá vegu. Tvö svefnherbergi ásamt svefnlofti. Laus strax. Verð 11,9 millj



Jón Guðmundsson
Sölustjóri
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Guðmundur H. Steinþórsson
Lögg. fasteignasali
gs@fastmark.is



Páll Þórólfsson
Söluáður
pall@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Halveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
halveig@fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

2JA HERBERGJA



HRÍSATEIGUR- REYKJAVÍK.

- Falleg 37,9 fm. 2ja herbergja risibúð í Teigahverfinu.
- Svalir til suðvesturs út af stofu.
- Skipt um járn á þaki 2008 og settur kvistur á húsið á sama tíma.
- Húsið var málað og viðgert árið 2012.

14,3 millj.

3JA HERBERGJA



STÓRAGERÐI. 3JA HERB. ÍBÚÐ.

- Falleg 83,7 fm. mikið endurnýjuð íbúð á 3. hæð.
- Búíð að endurnýja m.a. gólfefni, baðherbergi og raflagnir.
- Suðursvalir. Fallegt útsýni úr eldhúsi, hjónaherb. og stofu.
- Stutt í skóla, leikskóla og þjónstu.

25,5 millj.

4RA- 6 HERBERGJA



HÖRÐUKÓR- KÓP. 4RA HERBERGJA.

- Björt og vel skipulögð 115,9 fm. 4ra herbergja íbúð á 8. hæð.
- Stórar og bjartar stofur. Yfirbyggðar svalir.
- Frábært útsýni úr herbergjum, stofum og af svölum
- Sér staði í bílakjallara.

31,5 millj.

SÉRBÝLI



LEIÐHAMRAR- REYKJAVÍK

- 170,0 fm parhús með innb. 28,6 fm. bílskúr.
- 4 svefnherbergi.
- Stórkostlegt útsýni af efri hæð.
- Vel staðsett eign við opið svæði.

49,9 millj.



BRÆÐRABORGARSTÍGUR- REYKJAVÍK

- 80,7 fm. 2ja – 3ja herbergja íbúð á 2. hæð.
- Tvennar svalir, til suðausturs og norðvesturs.
- Samliggjandi borð – og setustofa. Eitt svefnherbergi.
- Laus til afhendingar við kaupsamning.

25,4 millj.



NORÐURBRÚ – SJÁLANDI GARÐABÆ

- Falleg 95,0 fm. íbúð á 2. hæð að meðt. sér geymslu í góðu lyftuhúsi.
- Útsýnis nýtur af svölum til sjávar og að yströndinni.
- Opið eldhús. Rúmgóð stofa. Tvö góð herb.
- Sér staði í bílageymslu.

31,0 millj.



STIGAHLÍÐ – REYKJAVÍK.

- 149,4 fm. neðri sérhæð auk 28,5 fm. bílskúrs.
- 3 herbergi auk forstofuherbergis.
- Stofa/borðstofa með arni.
- Hús klætt að utan.

39,9 millj.



ÁLFABREKKA- KÓPAVOGI.

- Glæsilegt einbýlishús á fallettri lóð með miklum veröndum.
- Eignin er hæð og kjallari 243,0 fm. að stærð að meðt.30,7 fm. bílskúr
- Stórar stofur. Sjónvarpsstofa. Hjónasvita.
- Eldhús með nýlegum innréttingum.

66,5 millj.



HRINGBRAUT – REYKJAVÍK.

- Björt 46,1 fm. íbúð á 3. hæð auk 8,1 fm. sér geymslu.
- Björt stofa. Eitt svefnherbergi.
- Búíð er að endurnýja allt gler og glugga.
- Íbúðin er laus til afhendingar strax.

18,3 millj.



HÁALEITISBRAUT- RVK. LAUS STRAX.

- 92,0 fm. 3ja herbergja endalíbúð í kjallara.
- Endurnýjuð að hluta m.a. baðherb. og raflagnir.
- Gluggar í þrjár áttir. Góð staðsetning við opið svæði.
- Séríngangur. Laus til afhendingar strax.

21,9 millj.



FISKAKVÍSL – REYKJAVÍK. 5 HERB.

- 127,1 fm. 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum.
- Vel staðsett innst í botnlanga. Afgirt skjólsæl verönd.
- 3 herbergi auk sjónvarpsherbergis.
- Sér merkt bílastæði fylgir íbúðinni.

33,5 millj.



HOLTAGERÐI-KÓPAVOGI

- 221,0 fm. steniklætt einbýlishús að meðt. 60,0 fm. bílskúr.
- 4 svefnherbergi.
- Skjólsæll garður með um 70 fm. verönd.
- Hellulögð aðkoma.

44,2 millj.



MÁVAHLÍÐ - REYKJAVÍK

- Góð 45,6 fm. risibúð í Hlíðunum.
- Björt stofa. Eitt svefnherbergi. Baðherbergi með sturtu.
- Geymslupláss undir suð. Þvottaherbergi í kjallara.
- Góð staðsetning miðsvæðis í Reykjavík.

17,9 millj.



SKÚLAGATA- 55 ÁRA+. LAUS STRAX.

- 101,1 fm. 3ja – 4ra herb. íbúð á 3. hæð. Sér staði í bílageymslu.
Rio Ferdinand tryggði Manchester United sigurinn í síðasta heimaleiknum undir stjórn Fergusons. Lampard bætti markamet Chelsea, Sturridge skoraði þrennu fyrir Liverpool og bæði Norwich og Newcastle björguðu sér frá falli.

FÓTBOLTI Sir Alex Ferguson og lærisveinar hans í Manchester United áttu sviðsljósið í ensku úrvalsdeildinni í gær þegar næstsíðasta umferðin fór fram. Fyrsta mark Rios Ferdinand í fimm ár tryggði United 2-1 sigur á Swansea og sá til þess að Swansea spilti ekki sigur- og kveðjuveislu Fergusons á Old Trafford. Tilfinngarnar flæddu á Old Trafford, fyrir og eftir leik þar sem Ferguson fékk magnaðar viðtökur. Það var líka við hæfi að karlinn fengi að taka við Englandsbikarnum eftir leik, bikarinn sem hann var að vinna í þrettánda sinn sem knattspyrnu- stjóri Manchester United.

„Núna mun ég njóta þess að horfa á leikmennina í stað þess að þjást með þeim,“ sagði Sir Alex Ferguson í ræðu sinni eftir leikinn. „Ég óska leikmönnum liðsins alls hins besta í framtíðinni. Þið vitið allir hversu góðir þið eruð þegar þið sjáið í hvaða treyju þið eruð í núna. Ég hef alltaf fengið frábæran stuðning frá öllum hér í gegnum árin. Núna er kominn tími til að allir

ÚRSLITIN

ENSKA ÚRVALSDEILDIN

ASTON VILLA - CHELSEA 1-2
1-0 Christian Benteke (15.), 1-1 Frank Lampard (61.), 1-2 Frank Lampard (88.)

STOKE - TOTTENHAM 1-2
1-0 Steven N'Zonzi (3.), 1-1 Clint Dempsey (20.)

EVERTON - WEST HAM 2-0
1-0 Kevin Mirallas (6.), 2-0 Kevin Mirallas (60.)

FULHAM - LIVERPOOL 1-3
1-0 Dimitar Berbatov (33.), 1-1 Daniel Sturridge (36.), 1-2 Sturridge (62.), 1-3 Sturridge (85.)

NORWICH - WEST BROMWICH 4-0
1-0 Robert Snodgrass (25.), 2-0 Grant Holt (62.), 3-0 Sjálfsmark (65.), 4-0 Jonny Howson (90.)

QPR - NEWCASTLE 1-2
1-0 Loïc Remy (11.), 1-1 Hatem Ben Arfa (18.), 1-2 Yoan Gouffran (35.)

SUNDERLAND - SOUTHAMPTON 1-1
1-0 Phillip Bardsley (68.), 1-1 Jason Puncheon (76.)

MANCHESTER UNITED - SWANSEA 2-1
1-0 Javier Hernández (39.), 1-1 Michu (49.), 2-1 Rio Ferdinand (87.)

gefi nýjum knattspyrnustjóra þann tíma og þann stuðning,“ sagði Ferguson.

Frank Lampard skoraði bæði

mörk Chelsea í 2-1 endurkomu- sigri á Aston Villa en með því tryggði hann sér markamet Chelsea og liðinu endanlega sæti í Meistaradeildinni á næstu leik- tíð. „Það hefur lengi verið talað um þetta met og það er mjög sætt að hafa loksins ná að bæta metið. Ekki verra að gera það í svona mikilvægum leik,“ sagði Lampard.

Brendan Rodgers, stjóri Liverpool, var sáttur eftir þrennu Daniel Sturridge og 3-1 útisigur á Fulham. „Við gátum skorað fleiri og þetta var frábær seinni hálfleikur. Daniel er ungur leikmaður sem hefur allt til alls til að vera topp framherji í Evrópu,“ sagði Rodgers.

Emmanuel Adebayor tryggði Tottenham 2-1 útisigur á Stoke með marki sjö mínútum fyrir leikslok. Pressan er því á Arsenal sem er tveimur stigum á eftir Spurs en á leik inni. Norwich og Newcastle björguðu sér frá falli með góðum sigrum og það verða því Wigan, Sunderland og Aston Villa sem berjast fyrir sæti sínu í lokaumferðinni. oo@frettabladid.is

Sú efnilegasta fyrir fimmtán árum

Dagný Skúladóttir og Jóhann Gunnar Einarsson valin best á Lokahófi HSÍ.

HANDBOLTI Framarinn Jóhann Gunnar Einarsson og Valskonan Dagný Skúladóttir voru valin Handknattleiksfólk ársins á Lokahófi HSÍ um helgina en bæði voru þau að fá þessi verðlaun í fyrsta sinn. Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir frá Selfossi og Bergvin Þór Gíslason frá Akureyri voru kosin efnilegust.

Auk þess að vera kosin bestur af leikmönnum deildarinnar fékk Jóhann Gunnar einnig Valdimarsbikarinn sem er veittur fyrir mikilvægasta leikmanninn að mati þjálfara. Guðný Jenný Ásmundsdóttir, markvörður Vals, fékk Sigríðarbikarinn sem er sams konar verðlaun hjá konum.

Það eru fimmtán ár síðan að Dagný var kosin efnilegasti leikmaður deildarinnar, þá sem leikmaður FH. Dagný er aðeins ein af fjórum sem hafa náð að vinna bæði þessi verðlaun en engin hinna þriggja (Guðný Gunnsteinsdóttir – 5 ár, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir – 3 ár, Stella Sigurðardóttir – 4 ár) þurfti að bíða svona lengi.

Jóhann Gunnar varð fyrsti Framarinn í 15 ár til þess að vera



JÓHANN GUNNAR EINARSSON



DAGNÝ SKÚLADÓTTIR

kosin bestur (Oleg Titov) og endaði um leið þriggja ára einokun HK-inga á þessum verðlaunum.

Florentina Stanciu, markvörður ÍBV, var valin besti markvörður deildarinnar í sjöunda sinn og jafnaði þar með met Kolbrúnar Jóhannsdóttur. FH-ingurinn Daniel Freyr Andrésson var valinn besti markvörðurinn hjá körlunum.

Steinnur Björnsdóttir úr Fram og Jón Þorbjörn Jóhannsson úr Haukum voru valin bestu varnar-

mennirnir en Þorgerður Anna Atladóttir úr Val og Björgvin Þór Hólmgeirsson úr ÍR þóttu bestu þjálfararnir, Stefán Þriðja árið í röð en Einar er fyrstur til að vinna þessi verðlaun með bæði karla- og kvennaliði.

Anton Gyli Pálsson og Hlynur Leifsson voru valdir besta dóm- arariði sjöunda árið í röð. -66

NÚ ER RÉTTI TÍMINN!

Mikið úrval af flottum uppfærslum og öðrum íhlutum.
Allt að 20% afsláttur af móðurborðum fyrir Intel örgjörva!



UPPFÆRSLA A

- Örgjörvi @ Intel G540 DualCore 2.5GHz 2MB cache
- Móðurborð @ MSI B75MA-P45, Intel B75 2x DDR3, socket 1155
- Vinnsluminni @ 2GB DDR3 1333MHz, Corsair með lífstíðarábyrgð
- Hljóðkort @ Innbyggt Realtek High Definition 7.1
- Skjá kort @ Intel HD Graphics með allt að 512MB minni
- Vifta @ Hljóðlát og góð örgjörvavifta
- Netkort @ 10/100/1000 netkort
- Tengir @ 1x SATA III, 5x SATAII, 8 x USB2, 3 USB3, ofl



21.860



UPPFÆRSLA C

- Örgjörvi @ Intel Core i3 3220 3.3GHz DualCore, 3MB cache
- Móðurborð @ Asus P8B75-M LE - Intel B75, 2x DDR3, S1155
- Vinnsluminni @ 8GB Dual DDR3 1600MHz, Corsair með lífstíðarábyrgð
- Hljóðkort @ Innbyggt Realtek High Definition 7.1
- Skjá kort @ Intel HD 2500 skjástýring, VGA / DVI / HDMI útgangur
- Vifta @ Hljóðlát og góð örgjörvavifta
- Netkort @ 10/100/1000 netkort
- Tengir @ 3x USB3, 6x USB2, SATA3 & 5x SATA2, HDMI ofl.



43.060



LEIKJAUUPPFÆRSLA

- Örgjörvi @ Intel Core i5 3470 3.2GHz QuadCore, 6MB cache
- Móðurborð @ MSI H77MA-G43, Intel H77, 4x DDR3, socket 1155
- Vinnsluminni @ 8GB DDR3 1600MHz, Corsair með lífstíðarábyrgð
- Hljóðkort @ Innbyggt Realtek High Definition 7.1
- Skjá kort @ Geforce N650GTX-TI, 1GB GDDR5 OC útgáfa, VGA DVI & HDMI out
- Vifta @ Hljóðlát og góð örgjörvavifta
- Netkort @ 10/100/1000 netkort
- Tengir @ 2x SATA3, 4x SATA II, 2x USB3, 10xUSB2, ofl.



82.810



MÓÐURBORD

msi

MSI H77MA-G43

- Intel H77 kubbasett
- 4x DDR3, 2x SATA3 og 4x SATAII
- 1x PCI-E 16X, VGA og DVI skjátengi
- GB lan, USB3 og 7.1 hljóð

13.560



MÓÐURBORD

ASUS

Asus P8Z77-V LX

- Intel Z77 kubbasett
- 4x DDR3, 4x SATAII og 2xSATA3
- 4x USB3, 2x PCI-E 16X Crossfire og LucidLogix
- GB lan og 7.1 hljóð

20.655



LEIKJASKJÁKORT

msi

MSI R7850 2GD5 OC

- 2GB 4800MHz DDR5 og 900MHz Core
- DVI, DisplayPort, HDMI, PCI-E
- Hitman, Sleeping Dogs og Farcry 3 fylgja!

39.950



LEIKJATURNIKASSI

CoolerMaster Elite K350

- Leikjaturnikassi án aflgjafa. Hentar fyrir ATX og micro-ATX móðurborð. Pláss fyrir 7 diska og stórt skjá kort. USB 3.0, USB 2.0 og hljóðtengi að framan.

9.450



500 W AFLGJAFI

CoolerMaster RS500

- Yfir 85% virkni
- Active PFC & PWM Combo Control
- Hljóðlát 120mm vifta með hraðastýringu
- Green power hönnun
- Öflug +12V mótstaða gegn yfirkeysrslu
- OCP / OVP / OPP / OTP / SCP

8.950



2TB HARDUR DISKUR

Seagate 2TB

- 2TB SATA3 6Gb/s harður diskur
- 64MB cache
- 7200rpm

16.750



120GB SSD DISKUR

Samsung SSD 840

- 120 GB SSD diskur. Ein besta uppfærslan sem hægt er að fá sér fyrir fartölvu eða borðtölvu. SSD eru einnig sparsamir á rafmagn sem hentar vel í fartölvur.

18.750



KÆLVIFTA

CoolerMaster Hyper 212 EVO

- Örgjörvavifta fyrir AMD og Intel
- 600-2000rpm
- 9-36dBA

6.450

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGAR-
KOSTNAÐUR **AÐEINS KR. 950** HVERT Á LAND SEM ER
• VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI
• SÍMI 569 0700 • www.att.is

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði



Í KVÖLD KL. 21:35

GAME OF THRONES

Valdataflið er hafið á ný og meira spennandi en nokkru sinni fyrr.

NOTALEGUR MÁNUÐAGUR

Með áskrift að Stöð 2 fylgja eftirfarandi aukastöðvar:



Í KVÖLD KL. 20:50

SUITS

Önnur þáttaröðin af þessum frábæru spennuþáttum um snjöllustu lögfræðingana í New York.



GULL Í KVÖLD KL. 21:35

ELDSNÖGGGT MEÐ JÓA FEL

Jói Fel kann þá list betur en margir að búa til girnilega rétti. Hann hefur slegið eftirminnilega í gegn með þáttum sínum.



BÍÓ Í KVÖLD KL. 22:00

PRECIOUS

Mögnuð Óskarsverðlaunamynd um hina 16 ára gömlu Claireece Precious Jones.

Fáðu þér áskrift
512 5100
stod2.is



Sara Björk með tvö mörk

FÓTBOLTI Sara Björk Gunnarsdóttir skoraði tvö fyrstu mörkin þegar LdB FC Malmö vann 5-0 stórsigur á Elísabetu Gunnarsdóttur og stelpunum hennar í Kristianstad í gær í Íslendingaslag í sænsku kvennadeildinni í fótbolta. Þóra Björg Helgadóttir stóð allan tímann í marki LdB FC Malmö en Sara Björk var tekin af velli á 72. mínútu, skömmu eftir að liðið komst fjórum mörkum yfir. Margrét Lára Viðarsdóttir spilaði fyrstu 68 mínúturnar en hún var óheppin að koma Kristianstad ekki í 1-0 þegar hún átti skot í slagverkið á 3. mínútu leiksins. Sif Atladóttir lék allan leikinn með Kristianstad en Guðný Björk Óðinsdóttir var ekki með vegna meiðsla. - 66j



Prjú silfur á NM

KÖRFUBOLTI Íslensku unglíngalandsliðin í körfubolta unnu til þrenna silfurverðlaun á Norðurlandamóti unglíngla í körfubolta sem lauk í Stokk-hólmi í gær. Bæði 18 ára liðin sem og 16 ára lið karla urðu í 2. sæti á mótinu en 16 ára stelpurnar urðu að setta sig við 4. sætið. 16 ára landslið karla tapaði stórt á móti Dönum í úrslitaleik um titilinn en 18 ára liðin tryggðu sér silfrið með sigrum á Dönum. Ísland átti fjóra leikmenn í úrvalsliðum mótsins. Kári Jónsson og Kristinn Pálsson voru valdir í úrvalslið 16 ára karla. Ingunn Embla Kristínardóttir var valin í úrvalslið 18 ára kvenna og Dagur Kár Jónsson í úrvalslið 18 ára karla. - 66j

Einstök byrjun hjá þjálfara í Eyjum

Hermann Hreiðarsson stýrði ÍBV til sigurs í gær í öðrum leiknum í röð í Pepsi-deild karla og endurskrifaði með því þjálfarasöguna í Vestmannaeyjum.


FÓTBOLTI Áður en Hermann Hreiðarsson settist í þjálfarastólinn í Vestmannaeyjum fyrir þetta tímabil hafði engum þjálfara Eyjalíðsins tekist að landa sex stigum í fyrstu tveimur leikjum sínum með liðið í efstu deild. Nokkrir höfðu náð í fjögur stig en Hermann varð í gær sá fyrsti til að ná í sex stig af sex mögulegum þegar ÍBV vann 4-1 sigur á Breiðabliki á Hásteinsvellinum.

„Úrslitin eru kannski ekki alveg spegilmynd leiksins því við fáum tvö mörk í restina en það er ekkert verra að vinna 4-1. Ég var ánægðastur með agaðan varnarleik en auðvitað er maður alltaf full að fá á sig mark,“ sagði Hermann í viðtali við Arnar Björns-son á Stöð 2 Sport eftir leikinn í gær.

Fleet fékk bara fjögur stig

Það er liðið 31 ár síðan að þjálfari stýrði ÍBV-liðinu til sigurs í fyrstu tveimur leikjunum en það voru bara gefin tvö stig fyrir sigur þegar ÍBV vann tvo fyrstu leikina sína sumarið 1982 undir stjórn Englendingins Steve Fleet. Fleet var þó ekki algjör nýliði í íslenska boltanum því hann hafði þjálfað Skagamenn sumarið áður. Hermann er hins vegar að fá sína fyrstu reynslu af þjálfun og það er ekki hægt annað en „Herminator“ taki sig vel út á hliðarlínunni.

„Við vissum að þeir eru með dúndur sóknarlið og að við yrðum að verjast vel til að fá eitthvað út úr leiknum í dag,“ sagði Hermann í viðtalinu á Stöð 2 Sport. ÍBV vann 1-0 sigur á ÍA



HERMANN BYRJAR FRÁBÆRLEGA Sex stig og fimm mörk í fyrstu tveimur leikjum ÍBV undir hans stjórn í Pepsi-deild karla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

í fyrstu umferðinni en Hermann segir fyrstu tvo leikina undir sinni stjórn hafa verið ólíka. „Þetta voru mjög ólíkir leikir. Við vorum miklu meira með boltann á móti Skaganum. Þetta var öðruvísi próf fyrir liðið en eins og þá var þetta mjög öflugur varnarleikur,“ sagði Hermann.

Það er erfitt að halda öðru fram en að sá kraftur, sigurvilji og barátta sem skilaði Hermann Hreiðarssyni öðru fremur fimmtán ára atvinnumannaferli í Englandi kristallist ekki í leik Eyjalíðsins undir hans stjórn.

Leikmenn hafa gefið allt í fyrstu tvo leikina og uppskorið eftir því.

Alvöru próf í næsta leik

ÍBV mætir Íslandsmeisturum FH í Kaplakrika í næsta leik en bæði lið eru með fullt hús eftir tvær fyrstu umferðirnar. „Það er gaman að þessu þegar vel gengur en það eru 20 leikir eftir. Það er alvöru próf að fara í Kaplakrikann og gott að geta farið þangað með tvo góða heimasigra á bakinu. Við förum þangað fullir sjálfstrausts og ætlum að halda áfram,“ sagði Hermann. ooj@frettabladid.is

Máttu ekki fagna titlinum strax

Wigan vann einn óvæntasta sigurinn í sögu úrslitaleikja ensku bikarkeppninnar.

FÓTBOLTI Davíð vann svo sannarlega Golíat í úrslitaleik enska bikarsins um helgina þegar Wigan fagnaði sínum fyrsta titli í 81 árs sögu félagsins með því að vinna 1-0 sigur á stórstjórnu-liði Manchester City á Wembley-leikvanginum. Titlalaust tímabil hjá City gæti jafnframt þýtt endalok Ítalans Roberto Mancini sem stjóra félagsins.

Það var varamaðurinn Ben Watson sem skoraði sigurmarkið með skalla í uppbótartíma eftir hornspyrnu Shauns Maloney. Þetta var eina skot Wigan á markið í leiknum og margir líktu markinu við sigurmark Lawrie Sanchez fyrir Wimbledon á móti Liverpool í bikarúrslitaleiknum 1988. Í það minnsta eru þetta tveir af óvæntustu bikarsigrum í sögu þessarar fornfrægu keppni.

Þetta var því mjög stór stund og draumur að rætast fyrir Dave Whelan, stjórnarformann Wigan,



KRAFTAVERKAMAÐUR Roberto Martínez, knattspyrnustjóri Wigan, með bikarinn. MYND/NORDIC PHOTOS/GETTY

sem á mikið í uppgangi félagsins. „Við eigum enn eftir óklárað verkefni því það er leikur á þriðjudaginn og leikur á sunnudaginn,“ sagði Dave Whelan en Wigan situr í fallsæti og berst fyrir lífi sínu í deildinni. Bikar-meistarar hafa aldrei fallið úr deildinni.

„Strákarnir gera sér vel grein fyrir því að þeir fara allir strax heim og það verða engin fagnaðarlæti í kvöld. Það verður æfing strax á morgun (í gær) því það eru tveir risaleikir fram undan. Það eru allir á sömu blaðsíðu og við ætlum ekki að fagna fyrr á sunnudaginn kemur,“ sagði Whelan og liðið var sett í áfengisbann. „Það verður ekkert kampavín og þeir fá ekki að drekka neitt. Roberto er Roberto og við ætlum að fagna þegar við höfum haldið sæti okkar í ensku úrvalsdeildinni á sunnudagskvöldið,“ sagði Whelan við Sky Sports. - 66j

IBV 4-1 BREIÐABLIK
Hásteinsvöllur
 1.112 áhorfendur
Magnús Þórisson (7)

Mörkin: 1-0 Bradley Simmonds (3.), 2-0 Bradley (61.), 2-1 Kristinn Jónsson (78.), 3-1 Tonny Mawejje (90+3), 4-1 Ragnar Pétursson (90+5)

ÍBV (4-4-2): David James 7 - Arnór Eyvar Ólafsson 7, Brynjar Gauti Guðjónsson 7, Eiður Aron Sigurbjörnsson 8, Matt Garner 7 - Ian David Jeffs 6 (88., Ragnar Pétursson -), Tonny Mawejje 7, Gunnar Þorsteinsson 7, ***Bradley Simmonds 8** (65., Gauti Þorvarðarson 6) - Gunnar Már Guðmundsson 7, Víðir Þorvarðarson 6 (83., Aaron Spear -).

Breiðablik (4-3-3): Gunnleifur Gunnleifsson 5 - Þórður Steinar Hreiðarsson 5 (46., Tómas Óli Garðarson 5), Sveirir Ingi Ingason 4, Reene Troost 5 (79., Olgeir Sigurbjörnsson -), Kristinn Jónsson 6 - Finnur Orri Margeirsson 6, Andri Rafn Yeoman 4, Guðjón Pétur Ljósson 5 - Elfar Árni Aðalsteinsson 4, Árni Vilhjálmsson 3 (79., Jökull I Elísabetarson -), Nicholas Rohde 4.

Skot (á mark): 10-10 (9-9) **Horn:** 2-14
Varin skot: James 5 - Gunnleifur 4

2013 0-3 F
Pórsvöllur
 902 áhorfendur
Vilhjálmur Alvar Þór. (7)

Mörkin: 0-1 Sjálfsmark (64.), 0-2 Ingimundur Niels Óskarsson (72.), 0-3 Guðmann Þórisson (90+2).

Pór (4-4-2): Joshua Wicks 4 - Guiseppe P Funicello 3, Atli Jens Albertsson 4, Hlynur Atli Magnússon 4, Ingi Freyr Hilmarsson (6., Janez Vrenko 4) - Sveinn Elías Jónsson 4, Orri Freyr Hjaltalín 4, Edin Beslija 4, Mark Tubæk 5 (79., Sigurður Marínó Kristjánsson -) - Jóhann Þórhallsson 4 (66., Chukwudi Chijindu 4), Jóhann Helgi Hannesson 6

FH (4-3-3): Róbert Örn Óskarsson 8 - Guðjón Árni Antoníusson 6, Freyr Bjarnason 6, Guðmann Þórisson 7, Sam Tillen 6 - Emil Pálsson 5 (75., Dominic Furness -), Björn Daniel Sverrisson 5, Ingimundur Niels Óskarsson 7 (84., Víktor Örn Guðmundsson -) - ***Atli Guðnason 8** (90., Kristján Flóki Finnbogason -), Ólafur Páll Snorrason 6, Brynjar Ásgeir Guðmundsson 6

Skot (á mark): 6-11 (5-7) **Horn:** 4-8
Varin skot: Wicks 4 - Róbert 5

STJARNAN 3-2 UMF VÍKINGUR
Samsung-völlur
 1.047 áhorfendur
Póroddur Hjaltalín (7)

Mörkin: 1-0 Halldór Orri Björnsson (11.), 2-0 Jóhann Laxdal (14.), 2-1 Björn Pálsson (49.), 3-1 Jóhann Laxdal (72.), 3-2 Damir Muminovic (90.)

Stjarnan (4-4-2): Ingvar Jónsson 7 - ***Jóhann Laxdal 8**, Daniel Laxdal 6, Martin Rauschenberg 7, Hördur Árnason 6 - Ólafur Karl Finsen 6, Atli Jóhannsson 6 (86. Baldvin Sturluson -), Michael Præst 5, Halldór Orri Björnsson 7 - Veigar Páll Gunnarsson 5 (71. Kennie Knak Chopart 5), Garðar Jóhannsson 5 (90., Tryggvi Bjarnason -).

Víkingur Ó. (5-3-2): Kaspars Ikstens 4 - Alfreð Már Hjaltalín 5, Damir Muminovic 5, Tomasz Luba 3, Emir Dokara 4, Brynjar Kristmundsson 5 - Abdel-Farid Zato-Arouna 6, Eldar Masic 5 (84. Jernej Leskovic -), Björn Pálsson 7 - Steinar Már Ragnarsson 5 (65. Eyþór Helgi Birgisson 5), Guðmundur Steinn Hafsteinsson 4 (84. Fannar Hilmarsson -).

Skot (á mark): 10-5 (7-3) **Horn:** 6-1
Varin skot: Ingvar 1 - Ikstens 4

K 0-2 F
Nettóvöllurinn
 1.600 áhorfendur
Porvaldur Árnason (7)

Mörkin: 0-1 Baldur Sigurðsson (30.), 0-2 Baldur Sigurðsson (55.)

Keflavík (4-3-3): David Preece 7 - Ray Anthony Jónsson 3, Halldór Kristinn Halldórsson 4, Haraldur Freyr Guðmundsson 5, Fuad Gazibegovic 4 - Sigurbergur Elísson 5, Frans Elvarsson 7, Hördur Sveinsson 3 (71. Andri Fannar Freysson -) - Magnús Þórir Matthíasson 5 (60. Arnór Ingvi Traustason 5), Jóhann Birnir Guðmundsson 5 (85. Elías Már Ólafsson -), Marjan Jugovic 4.

KR (4-3-3): Hannes Þór Halldórsson 8 - Aron Bjarki Jósefsson 6, Grétar Sigfinnur Sigurðsson 7, Bjarni Guðjónsson 7, Guðmundur Reynir Gunnarsson 7 - ***Baldur Sigurðsson 9**, Jónas Guðni Sævarsson 6, Þorsteinn Már Ragnarsson 6 (77. Atli Sigurbjörnsson -) - Emil Atlason 5 (88. Björn Jónsson -), Óskar Örn Hauksson 8, Gary Martin 6 (90. Torfi Karl Ólafsson -).

Skot (á mark): 9-14 (3-7) **Horn:** 6-8
Varin skot: Preece 5 - Hannes Þór 3

PEPSI DEILDIN 2013

NÆSTU LEIKIR

KR - Þór	fim. 16. maí kl. 18.00
Valur - Fram	fim. 16. maí kl. 19.15
Breiðablik - ÍA	fim. 16. maí kl. 19.15
Víkingur Ó. - Keflavík	fim. 16. maí kl. 19.15
Fylkir - Stjarnan	fim. 16. maí kl. 19.15
FH - ÍBV	fim. 16. maí kl. 20.00

visir.is

Allt um leiki gærvöldsins

Sannfærandi heimasigur Alonsos

FORMÚLA 1 Fernando Alonso hjá Ferrari vann sannfærandi sigur í Spánarkappakstrinum í gær. Petta er fyrsti sigur Alonsos á heimavelli síðan árið 2006 og heimamenn í Barcelona fögnuðu sínum manni því vel. Alonso ræsti fimmti í kappakstrinum en vann sig upp í fyrsta sætið með snjallri herfræði og grimmd í brautinni. „Petta var einstök tilfinning að vinna fyrir framan mitt fólk og ég fann vel stuðninginn frá öllum,“ sagði Fernando Alonso. Kimi Räikkönen hjá Lotus-Renault varð annar og Felipe Massa, liðsfélagi Alonsos hjá Ferrari, varð þriðji. Sebastian Vettel hjá Red Bull-Renault kom fjórði í mark en er með fjögurra stiga forskot á Räikkönen í heimsmeistarakeppni ökomanna. Fernando Alonso er þar í þriðja sætinu, 17 stigum á eftir Vettel. - ój



Kolbeinn skoraði í lokaleiknum

FÓTBOLTI Kolbeinn Sigbórsson og félagar í Ajax enduðu tímabilið á 2-0 sigri á Groningen í hollensku úrvalsdeildinni í gær. Kolbeinn skoraði fyrra markið og skoraði því sjö mörk í 15 deildarleikjum á þessu tímabili en varð hollenskur meistari annað árið í röð. Petta var í fimmta sinn sem Kolbeinn kom Ajax í 1-0 í leik á leiktíðinni. Alfreð Finnbogason tókst ekki að bæta við marki og endaði sem þriðji markahæsti leikmaður deildarinnar. Hann skoraði alls 24 mörk í 31 deildarleik á þessu tímabili en enginn íslenskur leikmaður hefur skorað fleiri deildarmörk á einni leiktíð. - ój

PEPSI DEILDIN 2013

STAÐAN Í DEILDINNI

FH	2	2	0	0	5-1	6
ÍBV	2	2	0	0	5-1	6
KR	2	2	0	0	4-1	6
Fram	1	1	0	0	2-1	3
Valur	1	1	0	0	2-1	3
Breiðablik	2	1	0	1	5-5	3
Stjarnan	2	1	0	1	4-4	3
Fylkir	1	0	0	1	1-2	0
ÍA	1	0	0	1	0-1	0
Víkingur Ó.	2	0	0	2	3-5	0
Keflavík	2	0	0	2	1-4	0
Þór	2	0	0	2	1-7	0

MARKAHÆSTU MENN

Baldur Sigurðsson, KR	2
Jóhann Laxdal, Stjarnan	2
Árni Vilhjálmsson, Breiðablik	2
Bradley Simmonds, ÍBV	2
Halldór Orri Björnsson, Stjarnan	2



Svo létt á brauðið



Stöð 2 kl 21.35 Game of Thrones

Spennan magnast í þáttaröðinni Game of Thrones á Stöð 2 í kvöld. Allir vegir liggja til höfuðborgarinnar þar sem lokabardaginn verður háður um hið eftirsóttu „Járnsæti“.

Í KVÖLD



Big Love

STÖÐ 2 KL. 22.30 Fimmta serían um Bill Henrickson sem lifir svo sannarlega margföldu lífi. Hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og sjö börn, auk þess sem hann rekur eigið fyrirtæki sem þarfnast mikillar athygli.

TV.COM 8,7 **IMDb** 7,3



The Lying Game

POPPTÍVÍ KL. 21.20 Dramatískir spennubættir frá höfundi Pretty Little Liars sem fjalla um eineggja tvíbura-systur sem voru aðskildar við fæðingu. Örlög þeirra urðu gjörólík, önnur ólst upp í fátækt, hin í vellystingum.

TV.COM 8,1 **IMDb** 6,8



Attenborough – 60 ár í náttúrunni – Að skilja náttúruna

RÚV KL. 20.20 Sir David Attenborough á að baki 60 ára starf við gerð náttúru-lífspáttá fyrir BBC. Í þessari þáttaröð lítur hann um öxl og veltir fyrir sér hvaða breytingar hafa orðið á náttúru jarðar síðan hann hóf sjónvarpsferil sinn.

RÁS 1

FM 92,4/93,5

06.36 Bæn **06.39** Morgunlugginn **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstud með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Segðu mér **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnuþót **11.00** Fréttir **11.03** Sjónmál **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútlit **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Hringsól **14.00** Fréttir **14.03** Orð um bækur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpsagan: Laura og Julio **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Bak við stjórnurnar **17.00** Fréttir **17.03** Viðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Segðu mér **21.10** Ópus **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Sjónmál **22.30** Albúmið: Police - Synchronicity **00.00** Fréttir **00.05** Næturútlit Rásar 1

RÚV

- 15.30** Silfur Egils
- 16.50** Landinn
- 17.20** Fæturnir á Fanneyju
- 17.31** Spurt og sprellað
- 17.38** Töfrahnötturinn
- 17.51** Angelo ræður
- 17.59** Kapteinn Karl
- 18.12** Grettir
- 18.15** Táknmálsfréttir
- 18.25** Hvað veistu? – Risaeðlur á Borgundarhólmi Danskur fræðsluþáttur.
- 19.00** Fréttir
- 19.30** Veðurfréttir
- 19.35** Kastljós
- 20.00** Leiðin til Malmö (1:2) Þáttur um ferð íslenska hópsins í Söngkeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í Malmö. Seinni hlutinn verður sýndur á miðvikudagskvöld.
- 20.20** Attenborough – 60 ár í náttúrunni – Að skilja náttúruna (2:3) (Attenborough – 60 Years in the Wild) Sir David Attenborough á að baki 60 ára starf við gerð náttúru-lífspáttá fyrir BBC. Í þessari þáttaröð lítur hann um öxl og veltir fyrir sér hvaða breytingar hafa orðið á náttúru Jarðar síðan hann hóf sjónvarpsferil sinn.
- 21.15** Hefnd (13:22) (Revenge) Bandarísk þáttaröð um unga konu, Amöndu Clarke, sem sneri aftur til The Hamptons undir dulnefninu Emily Thorne með það eina markmið að hefna sín á þeim sem sundruðu fjöl-skyldu hennar.
- 22.00** Tíufréttir
- 22.15** Veðurfréttir
- 22.20** Spilaborg (3:13) (House of Cards)
- 23.10** Neyðarvaktin (17:24) (Chicago Fire)
- 23.55** Kastljós
- 00.15** Fréttir
- 00.25** Dagskrárlok

BÍÓ

- 10.50** Her Best Move
- 12.30** African Cats
- 14.00** The Help
- 16.25** Her Best Move
- 18.05** African Cats
- 19.35** The Help
- 22.00** Precious
- 23.55** J. Edgar
- 02.10** Saving God
- 03.50** Precious

STÖÐ 2

- 08.05** Malcolm in the Middle (22:22)
- 08.30** Ellen (143:170)
- 09.15** Bold and the Beautiful
- 09.35** Doctors (79:175)
- 10.15** Wipeout
- 11.05** Making Over America With Trinny & Susannah (5:7)
- 11.50** Hawthorne (10:10)
- 12.35** Nágrannar
- 13.00** America's Got Talent (31:32)
- 13.40** America's Got Talent (32:32)
- 15.05** ET Weekend
- 15.50** Villingarnir
- 16.15** Lukku-Láki
- 16.40** Doddi litli og Eyrnastór
- 16.50** Bold and the Beautiful
- 17.10** Nágrannar
- 17.35** Ellen (144:170)
- 18.23** Veður
- 18.30** Fréttir – Íþróttir
- 18.54** Ísland í dag 19.11 Veður
- 19.20** The Big Bang Theory (2:23)
- 19.40** New Girl (21:24)
- 20.05** Glee (18:22)
- 20.50** Suits (6:16) Önnur þáttaröðin um hinn eitursnjalla Mike Ross, sem áður fyrr hafði lifibrauð sitt af því að taka margvísleg próf fyrir fólk gegn greiðslu. Lögfræðingurinn harðsvíraði, Harvey Specter, kemur auga á kosti kauða og útvegar honum vinnu á lögfræðistofunni.
- 21.35** Game of Thrones (7:10) Þriðja þáttaröðin um hið magnaða valdatafl og blóðuga valdabaráttu sjö konungsfjölskyldna í Westeros en allar vilja þær ná yfirráðum yfir hinu eina sanna konungssæti.
- 22.30** Big Love (7:10) Fimmta serían um Bill Henrickson sem lifir svo sannarlega margföldu lífi. Hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og sjö börn, auk þess rekur hann eigið fyrirtæki sem þarfnast mikillar athygli.
- 23.30** Modern Family (21:24)
- 23.55** How I Met Your Mother (21:24)
- 00.20** Two and a Half Men (15:23)
- 00.45** White Collar (7:16)
- 01.35** Weeds (4:13)
- 02.05** One Shot
- 03.20** Revolution (3:20)
- 04.05** Revolution (4:20)
- 04.50** Suits (6:16)
- 05.35** Fréttir og Ísland í dag

SPORT

- 07.00** ÍBV - Breiðablik
- 15.15** Meistaradeild Evrópu – fréttar-þáttur
- 15.45** Atl. Madrid - Barcelona
- 17.25** ÍBV - Breiðablik
- 19.15** Ensku bikarmörkin
- 19.45** ÍA - Valur Bein útsending
- 22.00** Pepsi mörkin 2013
- 23.15** Spænsku mörkin
- 23.45** ÍA - Valur
- 01.35** Pepsi mörkin 2013

SPORT 2

- 07.00** Stoke - Tottenham
- 11.25** Sunderland - Southampton
- 13.05** QPR - Newcastle
- 14.45** Sunnudagsmessan
- 16.00** Premier League Review Show 2012/13
- 16.55** Man. Utd - Swansea
- 18.35** Brighton - Crystal Palace
- 21.00** Premier League Review Show 2012/13
- 22.00** Everton - West Ham
- 23.40** Brighton - Crystal Palace

krakkar

- 07.00** Lalli **07.05** Refurinn Pablo **07.10** UKI **07.15** Strumparnir **07.40** Waybuloo **08.00** Svampur Sveinsson **08.25** Könnuðurinn Dóra **08.50** Áfram Diego, áfram! **09.15** Mörgæsinar frá Madagaskar **09.35** Ofurhundurinn Krypto **09.55** Histeria! **10.20** Lukku-Láki **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** M.I. High **11.25** Ofuröndin **11.45** iCarly (5:25) **12.10** Victorious **12.30** Big Time Rush **12.50** Lalli **13.05** Áfram Diego, áfram! **13.30** Refurinn Pablo **13.35** UKI **13.40** Strumparnir **14.05** Waybuloo **14.25** Svampur Sveinsson **14.50** Könnuðurinn Dóra **15.10** Áfram Diego, áfram! **15.35** Mörgæsinar frá Madagaskar **16.00** Ofurhundurinn Krypto **16.25** Histeria! **16.45** Lukku-Láki **17.05** Doddi litli og Eyrnastór **17.15** Ofuröndin **17.40** Sorry I've Got No Head **18.10** Strumparnir **18.30** M.I. High **18.55** iCarly (5:25) **19.15** Victorious **19.35** Big Time Rush

POP TV

- 17.05** Simpson-fjölskyldan (8:22)
- 17.30** ET Weekend
- 18.15** Pretty Little Liars (6:22)
- 19.00** Friends
- 19.25** Two and a Half Men (9:24)
- 19.50** Simpson-fjölskyldan
- 20.10** Hart of Dixie (2:22) Dramatísk þáttaröð með léttu ívafi um unga stórborgarstúlku sem finnur sjálfa sig og ástina í smábæ í Alabama. Rachel Bilson leikur ungan lækni sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábæ þar sem lífið er allt öðruvísi en hún á að venjast.
- 20.55** FM 95BLÖ
- 21.20** The Lying Game (14:20) Dramatískir spennubættir frá höfundi Pretty Little Liars, og fjalla um eineggja tvíbura-systur sem voru aðskildar við fæðingu. Örlög þeirra urðu gjörólík, önnur ólst upp í fátækt, hin í vellystingum. Þegar sú fyrrnefnda kemst að sannleikanum ákveður hún að hafa uppi á systur sinni. Þá fara dularfullir atburðir að gerast.
- 22.05** The O.C (21:25)
- 22.50** Hart of Dixie (2:22)
- 23.35** FM 95BLÖ
- 00.00** The Lying Game (14:20)
- 00.45** The O.C (21:25)
- 01.30** Tónlistarmyndbönd

SKJÁREINN

- 06.00** Pepsi MAX tónlist
- 07.10** America's Funniest Home Videos
- 07.35** Everybody Loves Raymond (22:25)
- 07.55** Cheers (2:22)
- 08.20** Dr. Phil
- 09.00** Pepsi MAX tónlist
- 16.05** Charlie's Angels (6:8)
- 16.50** Judging Amy (12:24)
- 17.35** Dr. Phil
- 18.15** Top Gear USA (11:16)
- 19.05** America's Funniest Home Videos
- 19.30** Everybody Loves Raymond (23:25)
- 19.55** Cheers (3:22)
- 20.20** Parenthood (6:16) Þetta er þriðja þáttaröðin af Parenthood en en þættirnir eru byggðir á samnefndri gamanmynd frá 1989. Ron Howard leikstýrði myndinni og er hann aðalframléiðandi þessarar þátta sem hlotið hafa mjög góða dóma hjá gagnrýnendum.
- 21.10** Hawaii Five-0 (12:24) Steve McGarrett og félagar handsama hættulega glæpamenn í skugga eldfjallanna á Havai í þessum vinsælu þáttum. Háskólaprófessor er myrtur og aðeins þrír eru grunaðir.
- 22.00** CSI (19:22) CSI eru einir vinsælustu þættir frá upphafi á SkjáEinum. Ted Danson er í hlutverki Russels, yfirmanns rannsóknardeildarinnar í Las Vegas. Prefalt morð er framið og þarf rannsóknardeildin að fá eina vitnið að glæpnum til að leysa frá skjóðunni.
- 22.50** CSI: New York (5:22)
- 23.30** Law & Order (3:18)
- 00.20** Shedding for the Wedding (2:8)
- 01.10** Hawaii Five-0 (12:24)
- 02.00** Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00** ESPN America **07.10** The Players Championship 2013 (1:4) **12.10** Golfing World **13.00** The Players Championship 2013 (2:4) **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights (19:45) **19.45** World Golf Championship 2013 (3:4) **22.00** Golfing World **22.50** The Open Championship Official Film **1979** **23.45** ESPN America

INN

- 20.00** Frumkvöðlar **20.30** Golf fyrir alla **21.00** Eldhús meistaranna **21.30** Suðurnesjafletta

ÚTVARP FM 88,5 XA-Radíó FM 90,1 Rás 2 FM 90,9 Gullbylgjan FM 93,5 Rás 1 FM 95,7 FM957 FM 96,3 FM Suðurland FM 96,7 Létt Bylgjan FM 97,7 X-ið FM 98,9 Bylgjan FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Kaninn FM 102,2 Útvarp Latibær FM 102,9 Lindin FM 105,5 Útvarp Boðun

#laddilengirlifid

Einleikin Gamansemi í Hörpu

EFTIR KARL ÁGÚST, LADDA OG SIGGA SIGURJÓNS

LADDI LENGIR LÍFIÐ

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX Í DAG!

„Þarna rifjaðist upp fyrir manni hversu mikill snillingur Laddi er... Það komast fáir með tærnar þar sem hann hefur hælana...“
- Helgi Snær Sigurðsson, Morgunblaðið

Miðaverð er 3.900 kr. Miðasala fer fram á Miði.is, Harpa.is, í miðasölu Hörpu og í síma 528-5050.

Quick Step Harðparkettdagar



Hágæða harðparket frá Quick Step

Endurnýjaður sýningarsalur með
YFIR 80 TEGUNDUM AF HARÐPARKETI Í BOÐI!


HARÐVIÐARVAL

MÁNUDAGSLAGIÐ



„Það er lagið Cantalooop (Flip Fantasia) með US3.“

Ingibjörg Huld Haraldsdóttir, leikstjóri hjá Leikfélagi Akureyrar.

Eyðir sumrinu í vegavinnuskúr

Meistarakokkurinn Gunnar Helgi Guðjónsson eldar í Örlygshöfn á Patreksfirði.

„Þetta verður svona eins eða tveggja og hálf mánaðar vertíð fyrir mig. Nóg að gera skilst mér,“ segir Gunnar Helgi Guðjónsson, myndlistarmaður og sigurvegari í Masterchef, en hann hefur ráðið sig sem kokk á Hótel Látrabjarg í Örlygshöfn á Patreksfirði í sumar.

Gunnar Helgi fékk starfið fyrir tilstilli Friðriku Hjördísar Geirsdóttur sem einmitt var dómari í Masterchef. „Eiganda hótelsins vantaði kokk í sumar og Rikka benti á mig. Ég stökk á

tækifærið en Patreksfjörður er einn af fáum stöðum á landinu sem ég hef aldrei komið til,“ segir Gunnar Helgi spenntur en hann fer um miðjan júní. „Mér skilst að ég gisti í vegavinnuskúr sem er spennandi út af fyrir sig. Svo hef ég sinnt myndlistinni lítið undanfarna mánuði og ætla að taka með mér teikniblokkina og vatnslitina vestur. Mjög rómantískt.“

Gunnar Helgi hefur haft nóg fyrir stafni síðan hann bar sigur úr býtum í raunveruleikakeppninni Masterchef. Hann hefur

→ Plokkfiskur og annar heimilismatur er í uppáhaldi hjá Gunnari Helga sem og eftirrétturinn tíramísú.

kennt á námskeiðum, kokkað á kaffi Nauthól og skrifað fyrir Gestgjafann. „Það er búið að vera nóg að gera. Svo er ég að leggja drög að matreiðslubók en það voru ein af verðlaununum í keppninni.“



ELDAR Í SVEITINNI Gunnar Helgi Guðjónsson eldar ofan í gesti Hótel Látrabjargs í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Nº27 Listahátíð
2013 í Reykjavík

Upplifum Listahátíð



Routeopia

@ Lagt af stað frá Hörpu — 19., 26. & 31. maí




Shostakovich-áskorunin

@ Harpa, Norðurljós — 2. júní



Leikið í myrkri

@ Harpa, Norðurljós — 22. maí



Bang on a Can-All Stars

@ Harpa, Eldborg — 17. maí

17. maí — 2. júní

Öll dagskráin og miðasala á
www.listahatid.is



MEÐ LJÓÐAKENNSLU Arnljótur Sigurðsson tónlistarmaður kenndi grunnskólabörnum að yrkja ljóð.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Úr ferskeytlum í rapp

Arnljótur Sigurðsson tónlistarmaður kenndi grunnskólabörnum að yrkja. Hann samdi ferskeytlur sem barn en færði sig svo yfir í rappið á unglingsárunum.

„Ég fór um bekki hér og þar og kenndi börnum að semja ljóð. Ég byrjaði á því að láta þau finna orð sem þeim þóttu falleg og svo unnu þau út frá þeim. Ljóðin þurftu hvorki að vera rytmísk né rímuð,“ segir Arnljótur Sigurðsson tónlistarmaður. Hann kenndi grunnskólabörnum að semja ljóð, en kennslan var liður í barnamenningarhátíð Reykjavíkur sem fram fór dagana 23. til 28. apríl.

Arnljótur er bassaleikari og söngvari reggísvéitarinnar Ojba Rasta og einnig meðlimur í rapp-sveitinni Fallegum mönnum. Hann hóf snemma að setja saman ferskeytlur og var skáldið Æri-Tobbi í miklu uppáhaldi hjá honum. „Ég byrjaði á því að vera bragfræðilegur en færðist svo yfir í rappið á unglingsárunum. Vinir mínir voru mikið í „freestyling“ og ég varð auðvitað að vera jafn sniðugur og þeir. Í rappinu var ekki gerð sú krafa að

Æri-Tobbi í uppáhaldi

Uppáhaldsljóðskáld Arnljóts eru meðal annars John Lennon og Æri-Tobbi. „Ég held enn mikið upp á Æra-Tobba og John Lennon. Mörg af mínum uppáhaldsljóðum má finna í Eddukvæðunum,“ segir hann.

Æri-Tobbi er skáld frá 17. öld. Hann hét réttu nafni Þorbjörn Þórðarson og samdi mikið af undarlegum vísum og kviðlingum.

Vambara þambara þeysingssprettir
því eru hér svona margir kettir,
agara gagara yndisgrænum,
illt er að hafa þá marga á bænum.

maður yrði að vera Nóbelskáld í fyrstu setningu, maður þurfti bara að vera fljótur að grípa í tungumálið.“

Móðir Arnljóts er að hans sögn mikill hagyrðingur og meðlimur í Kvæðamannafélaginu Íðunni. „Þetta er í ættinni. Áhuginn á ljóðlist er í raun í báðum ættum mínum,“ segir hann.

Börnin sem sóttu námskeiðin hjá Arnljóti voru öll efnileg

skáld að hans mati. „Þau voru öll lítil tón- og ljóðskáld og ég varð sjálfur fyrir miklum innblæstri – ætli ég hafi ekki lært meira af þeim en þau af mér. Mér skilst að sum hafi haldið áfram að semja ljóð eftir tímann og það þykir mér gleðilegt. Kannski hefur svolítið ljóðaæði gripið um sig í grunnskólum borgarinnar eftir þetta,“ segir hann í gamansömum tón.

sara@frettabladid.is

Breikdans við klassíska tóna

Danshópurinn Flying Steps sýnir breikdans í Eldborgarsal Hörpu í júní.

„Hópurinn er margfaldur heimsmeistari í breikdansi og tvinnar saman breikdans og klassíska tónlist í þessu atriði. Þetta er mjög skemmtilegt og heillar breiðan aldurshóp,“ segir Sóley Kristjánsdóttir, vörumerkjastjóri Red Bull. Danshópurinn Flying Steps kemur hingað til lands í sumar á vegum Red Bull orku-drykkjarins.

Flying Steps hefur starfað saman frá árinu 1993 og hefur ferðast um heim allan með atriði sínu. Danshópurinn mun sýna dansverkið Red Bull Flying Bach í Eldborgarsalnum þann 14. júní. Í sýningunni er klassískri tónlist tónskáldsins J.S. Bach og breikdans blandað saman á skemmtilegan hátt.

1 milljón dósa af Red Bull seldist á Íslandi í fyrra. Það var meira en 50 prósentu aukning frá árinu áður.

„Red Bull eru þekktir fyrir viðburði sína og eru vanir að styrkja annaðhvort menningarviðburði eða íþróttaviðburði. Þeir voru til dæmis helstu styrktaraðilar Felix Baumgartner,“ segir Sóley og á þar við Austurríkismanninn sem sló heimsmet er hann stökk úr loftfari í 39 kílómetra hæð í október í fyrra.

Miðasala á sýninguna er hafin á Midi.is.



SPENNANDI SÝNING Sóley Kristjánsdóttir segir sýninguna Red Bull Flying Bach henta breiðum aldurshópi.

MYND/ELLY ÁRMANNSDÓTTIR

Advania á réttu viðskiptalausnina fyrir þitt fyrirtæki!

Við hjá Advania leggjum metnað okkar í að bjóða fjölbreyttar viðskiptalausnir sem henta mismunandi fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum.

Viðskiptavinir okkar fá allt á einum stað:

- Hýsing og rekstrarþjónusta
- Afgreiðslukerfi
- Veflausnir
- Tölvubúnaður
- Þjónustuver 24/7



Microsoft Dynamics NAV

Öflug lausn fyrir umfangsmikinn rekstur

Microsoft Dynamics NAV er fyrir stór og meðalstór fyrirtæki í fjölbreyttum rekstri, t.d. smásölu, innflutningi eða vörudreifingu, eða þurfa öflugt verkþókhald. Dynamics NAV er mjög sveigjanlegt og Advania býður mikið úrval sérlausna sem henta íslensku atvinnulífi.

- Notendavænt hlutverkaskipt viðmót
- Öflugir samþættingarmöguleikar við aðrar Microsoft lausnir
- Fjölbreytt aðgengi hvar og hvenær sem er

Viðskiptalausnir Advania

Advania býður úrval öflugra viðskiptalausna og aðstoðar fyrirtæki við að finna þá réttu sem hentar þeirra rekstri.



Morgunverðarfundur um nýjustu útgáfu Microsoft Dynamics NAV

Microsoft Dynamics NAV 2013 kom út núna í byrjun maí. Í henni eru ótal nýjungar og mikill ávinningur fyrir notendur. Við helgum þessari nýju og spennandi útgáfu næsta morgunverðarfund, **miðvikudaginn 15. maí kl. 8.30.**

Skráning og nánari upplýsingar á www.advania.is/nav2013fundur



advania

Welcome to IT

FRÉTTIR AF FÓLKI

Kerlingar á kúlum

XXX Rottweiler hundar frumsýndu nýtt myndband um helgina. Myndbandið er að hluta til tekið upp á skemmtistaðnum Prikinu. „Við erum að spegla raunveruleikann eins og hann blasir við á djamminu. Partí eru nákvæmlega svona og við erum ekkert að reyna að fegra það neitt,“ segir Erpur Eyvindarson. Spurður út í textann við lagið, þar sem heyra má slangur yfir fíkniefnaneyslu, segir Erpur að það sé túlkunaratriði. „Sjálfrir erum við ekki á eiturlyfjum en við sjáum mikið af þannig neyslu í kringum okkur og það er svo myndin sem okkur langaði að draga upp,“



segir Erpur. Myndbandið má finna á vefsíðunni Youtube og þegar það hafði verið inni í um sólarhring hafði það verið skoðað um átta þúsund sinnum. -mlp

Bókmenntaeinvígi á Dolly

Óhefðbundin lestrarröð mun eiga sér stað næsta föstudag. Þá munu fjórir þekktir rithöfundar berjast í upplestrareinvígi á skemmtistaðnum Dolly við Hafnarstræti. Kvöldið er að erlendra fyrirmynd og hefur að sögn aðstandenda farið sigurför um heiminn og sambærileg kvöld haldin í 47 borgum. Hugmyndasmiður kvöldanna, Adrian Todd Zuniga, verður á staðnum og stýrir keppinni. Á Dolly etja kappi fjórir af þekktustu rithöfundum Íslands, þau Andri Snær Magnason, Auður Jónsdóttir, Kristín Eiríksdóttir og Kári Tulinius.



Tveir rithöfundanna komast í gegnum síu dómnefndar og ku lokaviðureignin vera sprenghlægileg og afar óvænt. Inn á einvígið kostar þúsund krónur. -mlp

Mest lesið VÍSIR

- 1 Eftirlýstur glæpamaður handtekinn nærri Alicante
- 2 Báðu Sigga Hlö um The Wild Boys í miðjum stjórnarmyndunarviðræðum
- 3 Reif bensíntankinn með sér
- 4 Segja óeðlilegt að formenn sitji einir að samningaborðinu
- 5 Tollvörður vill milljónir – og vinnuna aftur

Nº27 Listahátíð 2013 í Reykjavík

Upplifum Listahátíð

17. maí – 2. júní

Öll dagskráin og miðasala á www.listahatid.is

VAXTALAUSAR
12 MÁN
AFBORGANIR
3,5% lántökugj

EINFÖLD ÁKVÖRDUN
VELDU ÖRYGGI
FYRIR ÞIG OG ÞÍNA

ÞÚ PASSAR HANN VIÐ ÞÖSSUM ÞIG



Continental

NANKANG

HANKOOK
driving emotion

Mastercraft
JEPPADEKK



Dekkljaverkstæði



Smurþjónusta



Smáviðgerðir



Hjólstillingar



Bremsuklossar



Rúðupurrkur



Rúðuvöki



Rafgeymar



Peruskíti



SÓLNING

Renndu við

www.solning.is

Smíðjuvegi 68-70, Kópavogi ☎ 544 5000

Hjallahrauni 4, Hfj ☎ 565 2121

Rauðhelli 11, Hfj ☎ 568 2035

Fitjabraut 12, Njarðvík ☎ 421 1399

Eyrarvegi 33, Selfossi ☎ 482 2722